CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radíóamatörar

2. tbl. 2022 apríl

Afhending verðlauna og viðurkenninga fyrir fjarskiptaviðburði ÍRA á aðalfundi 2022. Frá vinstri: TF1EM viðurkenning fyrir 5. sæti í TF útileikunum, TF8KY viðurkenning fyrir 3. sæti í TF útileikunum, TF1AM verðlaunaplatti og viðurkenning fyrir 1. sæti í TF útileikunum, TF1OL verðlaun fyrir 1. sæti í Páskaleikunum og 1. sæti í VHF/UHF leikunum og TF3DC keppnisstjóri TF3ÍRA, viðurkenning fyrir 4. sæti í TF útileikunum. Ljósmynd: TF3JON.

MEÐAL EFNIS:

- ***Félagsstarfið í Skeljanesi***
- ***Aðalfundur ÍRA 2022***
- ***Stangarloftnet á HF***
- ***Tæknimál***
- ***DX sambönd og öflun staðfestinga***
- ***DXCC skráning TF kallmerkja***

Á DÖFINNI:

- ***Námskeið til amatörprófs, mars-maí***
- ***Páskaleikar ÍRA 15.-17. apríl***
- ***TF3WARD 18. apríl***
- ***Flóamarkaður í júní***
- ***Tíðnimál: Uppfærsla reglugerðar***
- ***Næsti skilafrestur efnis í CQ TF: 19. júní***

Félagið Íslenskir radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radíóamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33''N, 21°56'58''V. „Maidenhead grid" staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2022-2023 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Georg Magnússon	TF2LL
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radíóamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radíóamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radíóamatörstöðva".

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2022–2023 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október og janúar 2023.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · **3**
Frá formanni... · **4**
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · · · · · · · · · · · · **6**
Aðalfundur ÍRA 2022 · · · · · · · · · · · · · · · · · · **18**
Stangarloftnet á HF · · · · · · · · · · · · · · · · · · **21**
Tæknimál · **27**
Ferðasaga í myndum · · · · · · · · · · · · · · · · · · **32**
Félagsmerki í fjörutíu ár · · · · · · · · · · · · · · · **34**
DX sambönd og öflun staðfestinga · · · · · · · · · · **35**
SYLRA 2022 í Finnlandi · · · · · · · · · · · · · · · · **37**
HF sendimagnarar, lampar eða transistorar? **38**
Viðurkenningar radíóamatöra · · · · · · · · · · · · **39**
ÍRA; starfstímabilið 2021/22 · · · · · · · · · · · · · **40**
Helstu DX keppnir 2022; mars-júní · · · · · · · · · **43**
DXCC skráning TF kallmerkja · · · · · · · · · · · · **44**

vodafone
Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radíó?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni" og „amatör".

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radíóamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmíðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öfluga senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað gevihnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radíósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radíóamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.

Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Nýverið spurði ég nokkra amatöra sem komnir eru á virðulegan aldur og verið radíóamatörar lengur en elstu menn muna, annarsvegar um það hvenær þeir hefðu fyrst heyrt um SSB „eins hliðarbands mótun“ eins og það er kallað á okkar ylhýra, og í öðru lagi spurði ég hvenær þeir teldu að SSB tæknin hefði verið fundin upp.

Flestir mundu eftir að hafa séð SSB tæki auglýst í erlendum amatörablöðum og töldu að SSB tæknin hafi verið fundin upp á árunum á milli 1950 og 60 og sennilega hafi hún verið verið fundin upp og þróuð af radíóamatörum.

Reyndar var það nú ekki svo að amatörar eigi heiðurinn af SSB heldur var það ungur bandarískur rafmagnsverkfræðingur, John Renshaw Carson (28. júní 1886–31.október 1940). Sérgrein Carsons laut að flutningi rafmagnsmerkja.

J. R. Carson.

Þann 1. desember 1915, sótti Carson um einkaleyfi á mótunaraðferð hátíðnimerkja þar sem burðarbylgja merkisins og annað hliðarbandið hafa verið fjarlægð (Single-sideband suppressed-carrier – SSB-SC). Umsókninni fylgdu stærðfræðilegir útreikningar á virkni aðferðarinnar. Einkaleyfið fékkst svo 27. mars árið 1923. Þrátt fyrir að einkaleyfið væri í höfn, voru fjölmargir, mest aðrir verkfræðingar, sem héldu því fram að SSB væri svindl, eða stærðfræðilegar sjónhverfingar.

Það voru skrifaðar lærðar greinar um að hliðarböndin væru ekki til og SSB væri einfaldlega AM.

Á þessum tíma var ritsímasamband um sæstrengi og loftskeyti komin um heim allan en menn vildu líka fá talsamband. Sá galli var þó að sæstrengirnir gátu aðeins flutt talsambönd um stuttar vegalengdir og nánast allir sendar þessa tíma voru neistasendar sem gátu ekki flutt tal.

Það þurfti sendi sem gat gefið stöðuga bylgju (continuous wave – C.W.) og það var hægt að gera með radíólömpum, en það þurfti líka heilmikið mikið afl til að koma radíómerkinu t.d. yfir Atlandshafið. Árið 1915 smíðaði Western Electric tilrauna langbylgjutalsendi sem settur var upp Arlington í Virginíuríki.



Sendirinn í Rugby sunnan Birmingham.

Ég hef ekki fundið neitt um tíðni eða afl, en í útgangsmagnaranum voru 300 lampar. Merki frá þessum sendi heyrðust víða, t.d. í Honolulu og í París þar sem móttakarinn var í Eiffelturninum.

Það var svo 1923 að breska póstþjónustan í samvinnu við Western Electric og fleiri fyrirtæki hefjast handa um að smíða langbylgju talsendi fyrir talsímaviðskipti við Bandaríkin. Sendirinn í Bretlandi var settur upp í Rugby fyrir sunnan Birmingham og tíðnin var 60 kHz. Aflið var 200 kW og mótunin SSB. Kallmerki sendisins var GBT.

Móttökustöðin var í Wroughton, 107 km suðvestur af Rugby. Móttökuloftnetið var svokallað Wave Antenna, tæplega 5 km langur vír sem haldið var uppi af símastaurum í stefnu að sendinum í Bandaríkjunum. Það kom þó fljótlega í ljós að merkið frá Rugby truflaði móttökuna og því var stöðin flutt til Cupar í Skotlandi sem er 405 km frá Rugby.

Sendirinn í Bandaríkjunum var sambærilegur við bresku stöðina. Stöðin var sett niður í Rocky Point í New York ríki og hafði kallmerkið WNL. Móttökustöðin var í Houlton, Maine, u.þ.b. 736 km (458 mílur) frá sendinum. Móttökuloftnetið var samskonar og í Bretlandi.

Reynslan af þessu fyrsta „talsambandi“ milli Evrópu og Ameríku var mjög góð og sambandið var í notkun framundir 1970.

Látum þá þessari umræðu um upphaf „eins hliðarbands senda“ lokið í bili.

73

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, ritstjóri.

Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Ég vil þakka félagsmönnum ánægjulega samveru á aðalfundi ÍRA sunnudaginn 20. febrúar. Ennfremur við ég þakka ykkur frábæran stuðning við kjör í embætti formanns, fimmta árið í röð. Ég mun gera mitt besta til að rísa undir trausti ykkar á nýju starfsári.

Það var ánægjulegt hve margir áttu heimangengt þrátt fyrir erfiða vetrarfærð um allt land. Fleiri voru með okkur í huga því góðar kveðjur bárust á fundinn frá fjarstöddum félagsmönnum, bæði utan af landi og erlendis frá. Þá vorum við heppin með embættismenn fundarins, þá Vilhjálm Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA, sem fundarstjóra og fundarritara.

Covid-19 faraldurinn raskaði starfsemi okkar félags líkt og annarra félaga á síðasta ári. Þrátt fyrir það ber Ársskýrsla stjórnar ÍRA 2021/22 þess vitni að ótrúlega fjölþætt starf fór fram innan félagsins miðað við aðstæður. Að venju var skýrslan lögð fram á prentuðu formi. Hún skiptist í 15 kafla og tvo viðauka, auk formála og efnisyfirlits. Hún er alls 189 blaðsíður að stærð. Félagar sem ekki áttu þess kost að sækja fundinn og fá prentað eintak geta sótt rafræna útgáfu í PDF formi á heimasíðu ÍRA.

Frá setningu aðalfundar 2022. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS í ræðupúlti.

Þegar þetta er skrifað 18. mars eru um þrjár vikur liðnar frá ákvörðun stjórnvalda um afléttingu allra opinberra sóttvarnaaðgerða vegna Covid-19 heimsfaraldursins þann 25. febrúar, jafnt innanlands og á landamærum. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar 8. mars var þessum fregnum tekið vel, rætt um starfið framundan og samþykkt að skoða að bjóða á ný upp á

Íslenskir radíóamatörar, ÍRA

Skýrsla um starfsemi félagsins 2021/2022
– 75 ára afmæli 14. ágúst 2021 –

Aðalfundur 20. febrúar 2022

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður

Ársskýrsla stjórnar ÍRA 2021/22 var lögð fram á fundinum.

fyrirlestra í Skeljanesi í apríl og maí og flóamarkað í júní. Við gætum þó þurft að festa fyrirlestrahaldi til haustsins í ljósi opinberra upplýsinga um þann fjölda sem greinist daglega með Covid-19 og þarfnast innlagnar á sjúkrahús.

Á stjórnarfundinum var ennfremur ákveðið að stefna að því að afmælisboð fyrir félagsmenn og gesti í tilefni 75 ára afmælis ÍRA sem þurfti að fresta vegna Covid-19 í fyrra, verði haldið sunnudaginn 14. ágúst 2022 í Skeljanesi.

Páskaleikar félagsins eru framundan 15.-17. apríl n.k. Þátttaka var framúrskarandi góð í fyrra, en þá skráðu sig alls 24 leyfishafar til leiks og 21 skilaði dagbókarfærslum. Margir eru þegar byrjaðir undirbúning og Andrés Þórarinsson, TF1AM skrifaði t.d. eftirfarandi á FB síðu félagsins 13. mars: „Þá er undirbúningur undir páskaleikana hafinn. Hér er „prótótýpan“ af stangarhaldara og með VHF/UHF neti þar uppi. E.t.v. verður ekkert mál að hafa nokkur loftnet uppi án þess að þurfi að staga. Ég þakka TF2MSN fyrir aðstoðina við prófanir“.

Þetta verða 5. árlegu páskaleikarnir. Þakkir til TF8KY, Hrafnkels Sigurðssonar, umsjónarmanns fyrir gott utanumhald.

Aðrir fjarskiptaviðburðir verða á sínum stað. VHF/UHF leikarnir 8.-10. júlí og TF útileikarnir 30. júlí til 2. ágúst, auk Vita- og vitaskipahelgarinnar 20.-21. ágúst. Kallmerki félagsins, TF3IRA verður virkjað í þessum viðburðum. Önnur kallmerki félagsins, TF3W, TF3HQ, TF3WARD og TF3YOTA verða einnig virkjuð á árinu. TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, TF3WARD á alþjóðadag radíóamatöra 18. apríl (annan í páskum), TF3HQ í IARU HF World Championship 9.-10. júlí og TF3YOTA, m.a. í desembermánuði. Stefnt verður að fleirmenningsþátttöku frá félagsstöðinni í samráði við keppnisstjóra.

Ánægjulegt er að geta um að vornámskeið ÍRA til amatörprófs 2022 er framundan. Það verður á ný haldið í Háskólanum í Reykjavík, bæði í stað- og fjarnámi. Þess má geta að nú þegar hafa 18 þátttakendur skráð sig til þátttöku. Námskeiðið hefst 28. mars og lýkur með prófi Fjarskiptastofu í HR laugardaginn 21. maí. Umsjónarmaður setti upp og vann skipulag í samvinnu við prófnefnd. Kennt verður þrjá daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18:30-21:30. Leiðbeinendur verða níu talsins. Þakkir til Kristins Andersen, TF3KX formanns prófnefndar, Jóns Björnssonar, TF3PW umsjónarmanns námskeiða félagsins og til leiðbeinenda fyrir aðkomu að þessu mikilvæga verkefni.

Vornámskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022 verður á ný haldið í Háskólanum í Reykjavík.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir til félagsmanna fyrir góðan aðalfund 2022 og fyrir áframhaldandi stuðning í embætti formanns. Því fylgir góð tilfinning að koma til starfa á nýju starfsári 2021/22. Sérstakar þakkir til Óskars Sverrissonar, TF3DC sem lét af stjórnarstörfum á aðalfundinum eftir átta ára setu í stjórn. Um leið vil ég bjóða Georg Magnússon, TF2LL nýjan varaformann félagsins velkominn til starfa.

73
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

Upplýsingar um viðtæki yfir netið.

Viðtæki yfir netið með staðsetningu á Íslandi 20. mars 2022.

Staður	Tegund viðtækis	Tíðnisvið	Fjöldi notenda	Vefslóð
Bjargtangar	KiwiSDR	10 kHz–30MHz	Mest 16	http://bjarg.utvarp.com/
Raufarhöfn	KiwiSDR	10 kHz–30MHz	Mest 8	http://raufarhofn.utvarp.com/
Galtastaðir í Flóa	KiwiSDR	10 kHz–30MHz	Mest 8	http://floi.utvarp.com/
Reykjavík	Airspy R2 SDR	24 MHz-1800 MHz	Mest 8	http://perlan.utvarp.com/

Á Bjargtöngum eru 2 KiwiSDR viðtæki tengd. Annað er frá TF4AH og er tengt í stóra mastrið (sbr. ljósmynd). Hitt viðtækið er frá TF3GZ og er tengt í LW vírloftnet (12 m.). Þegar fyrra viðtækið fyllist (8 notendur) færist hlustunin sjálfvirkt inn á vefslóðina: http://bjarg.utvarp.com:8080

Félagsstarfið í Skeljanesi

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þessi inngangur er skrifaður 20. mars 2022. Þá eru liðnir um tveir og hálfur mánuður þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði sem kom út 27. janúar. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Hér á eftir er fjallað í beinu framhaldi um félagsstarfið í dagbókarstíl til 20. mars.

4. janúar – Kallað eftir efni í 1. tölublað 2022.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 4. janúar, þar sem hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 16. janúar.



Ritstjóri við hljóðnemann frá TF7V DX-leiðangrinum sem farinn var til Vestmannaeyja í júlí 1975. Ljósmynd: TF3AC.

11. janúar – Fundur í ritnefnd CQ TF.

Síðasti fundur ritnefndar CQ TF á starfsárinu 2021/22 var haldinn 11. janúar í Skeljanesi. Sérstakur gestur fundarins var Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar. En hann átti m.a. erindi á staðinn sem var að nálgast norska námsefnið til amatörprófs frá NRRL sem barst til félagsins nýlega.

Á fundinum var m.a. gengið frá vali á myndefni á forsíðu, auk þess sem samþykkt var tillaga Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS um útgáfu sérstaks afmælisrits í tilefni 75 ára afmælis ÍRA. Um verður að ræða rafræna útgáfu. Vilhjálmur mun vinna uppkast að handriti. Stefnt er að því að kynna ritið á aðalfundi ÍRA 2022.

Frá fundi ritnefndar CQ TF 11. janúar. Frá vinstri: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Óskar Sverrisson TF3DC, Jónas Bjarnason TF3JB, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Kristinn Andersen TF3KX sem var gestur á fundinum. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

17. janúar – Áfram lokað í Skeljanesi.

Eftirfarandi tilkynning var sett á heimasíðu og FB síður 17. janúar:

> Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokuð fimmtudaginn 20. janúar.
>
> Ákvörðunin byggir á reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem gildir til 2. febrúar n.k. þar sem fjöldatakmarkanir miðast nú við mest 10 manns. Og ennfremur til yfirlýsingar ríkislögreglustjóra frá 11. þ.m. janúar, um neyðarstig almannavarna vegna Covid-19, sem enn er í gildi.
>
> Ákvörðunin gildir fyrir fimmtudag 20. janúar. Athugað verður með að auglýsa opnun á ný strax og aðstæður leyfa.
>
> Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur. Stjórn ÍRA.

21. janúar – Af viðtækjum yfir netið.

Airspy R2 SDR viðtækið í Perlunni í Reykjavík komst í lag 21. janúar. Það hafði verið úti í nokkurn tíma vegna bilunar. Tíðnispan þess er frá 24 MHz til 1800 MHz. Vefslóð: http://perlan.utvarp.com/

Þakkir til Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ.

KiwiSDR viðtækið á Raufarhöfn komst ennfremur í lag sama dag en það hefur verið úti vegna rafmagnsbilunar. Vefslóð: http://raufarhofn.utvarp.com/ Þakkir til Rögnvaldar Helgasonar, TF3-055.

22. janúar – Nýtt ávarpsefni tilbúið.

Vinnu við uppfært ávarpsbréf til nýrra félaga lauk í byrjun janúar. Um er að ræða 3. útgáfu.

Bæklingurinn er hluti af upplýsingum sem sendar eru til nýrra félaga, sem jafnframt fá send lög félagsins, nýjasta CQ TF og nýjustu ársskýrslu. Sjá má ávarpsbréfið á þessari vefslóð:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/01/Avarp_2022.pdf

Útgáfuform er óbreytt, þ.e. opna í stærðinni A4 (fjórar blaðsíður) sem prentaðar eru í lit.

Ávarpsbréfið veitir innsýn í starfsemi ÍRA og tæpir á helstu þjónustuþáttum við félagsmenn. Efnið verður einnig til aflestrar á heimasíðu félagsins.

Verkefnið var unnið af stjórn félagsins en umbrot var í öruggum höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS.

ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA

Elín Sigurðardóttir TF4EQ og Arni Freyr Rúnarsson TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3JBA í Skeljanesi.

Ágæti nýji félagsmaður!

Velkomin(n) í félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA. Við þetta tækifæri viljum við vekja athygli á markmiðum félagsins og þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða.

Markmið félagsins eru skilgreind í 3. gr. félagslaga:

* Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
* Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
* Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóvirkniptum.
* Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
* Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
* Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvuna á sviði radíófjarskipta.
* Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
* Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðaraðlind.
* Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

Þetta eru í sjálfu sér hálelt markmið en lýsa í reynd vel kjarnanum í starfsemi félagsins í þá rúmlega sjö áratugi sem það hefur starfað, en ÍRA var stofnað 14. ágúst 1946.

Starfsemin miðast við að unnið sé að þessum markmiðum og má m.a. sjá þess merki í nýjum verkefnum sem félagið ræðst í hverju sinni, en í heildina séð er rekstur félagsins í fóstum skorðum. Í textanum hér á eftir viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða. Það er von stjórnar félagsins, að þú sem nýr félagsmaður, komir til með að nýta þér þá og taka þátt í starfinu.

24. janúar – CQ WW 160 metra keppnin á morsi.



CQ World Wide 160 metra morskeppnin sem fram fór helgina 28. – 30. janúar var kynnt á heimasíðu og FB síðum 24. janúar. Markmiðið er að ná eins mörgum samböndum og unnt er við aðrar stöðvar radíóamatöra um allan heim á keppnistímanum.

Sambönd við TF stöðvar gefa 2 punkta; innan Evrópu 5 punkta; utan Evrópu 10 punkta og við /MM stöðvar 5 punkta. Margfaldarar eru þrennskonar, einingar á DXCC lista, lönd á WAE lista, 48 ríki bandaríkjanna og 14 fylki Kanada.

Leyfilegt tíðnisvið í keppninni á IARU Svæði 1 (okkar svæði) er 1810–2000 kHz. Leyfishöfum sem ætluðu að vinna á tíðnisviðinu 1850–1900 kHz var bent á að sækja um tíðni- og aflheimildir til Fjarskiptastofu fyrir keppnina.

25. janúar – Áfram lokað í Skeljanesi.

Eftirfarandi tilkynning var sett á heimasíðu og FB síður 25. janúar:

Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokuð fimmtudaginn 27. janúar.

Ákvörðunin byggir á reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem gildir til 2. febrúar n.k. þar sem fjöldatakmarkanir miðast nú við mest 10 manns. Og ennfremur til yfirlýsingar ríkislögreglustjóra frá 11. þ.m. janúar, um neyðarstig almannavarna vegna Covid-19, sem enn er í gildi.

Ákvörðunin gildir fyrir fimmtudag 27. janúar. Athugað verður með að auglýsa opnun á ný strax og aðstæður leyfa. Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur. Stjórn ÍRA.

25. janúar – Sigurður Kolbeinsson, TF8TN er látinn.

Sigurður Kolbeinsson, TF8TN hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað.

Samkvæmt minningargrein sem birtist í Mbl. 25. janúar lést hann 22. desember 2021 og hefur útförin farið fram. Hann var á 57. aldursári og handhafi leyfisbréfs radíóamatöra nr. 478.

Um leið og við minnumst Sigurðar með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður

27. janúar – Nýtt tölublað CQ TF.

Nýtt tölublað CQ TF, 1. tbl. 2022 kom út á heimasíðu félagsins 27. janúar. Blaðið var að þessu sinni 48 blaðsíður að stærð. Meðal efnis, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- Félagsstarfið í Skeljanesi frá 17. október til 20. janúar (2022).
- Vegferð til framtíðar.
- Tveir dípólar, annar slæmur og hinn góður.
- Viðurkenningar radíóamatöra.
- Hamingjuóskir til TF2EQ.
- Bókahorn ÍRA.
- Heimsókn til TFY á Seyðisfirði.
- Af smíðaborðinu: morslyklarar.
- Fundargerðir stjórnar: Fundur nr. 5 2021/22 frá 28. sept. og fundur nr. 6 2021/22 frá 17. nóv.
- Minning úr félagsstarfinu frá árinu 1975.
- Helstu DX keppnir í febrúar, mars og apríl 2022.
- Fundarboð vegna aðalfundar ÍRA 2022; sunnudag 20. febrúar.

28. janúar – Fundarboð aðalfundar 2022.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 28. janúar:

AÐALFUNDUR ÍRA 2022 – AÐALFUNDARBOÐ

Ágæti félagsmaður!

Með tilvísan til 17. gr. félagslaga, er hér með boðað til aðalfundar ÍRA sunnudaginn 20. febrúar 2022.

Fundurinn verður haldinn í sérstökum fundarsal safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík og hefst stundvíslega kl. 13:00.

Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.

Afhending verðlauna og viðurkenninga vegna fjarskiptaviðburða ársins 2021 fer fram í fundarhléi.

Reykjavík 28. janúar 2022,
fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.

28. janúar – Fundarboð aðalfundar 2022.



Fundarboð aðalfundar ÍRA 2022 voru send í tölvupósti á alla félagsmenn 28. janúar. Tímasetning var í samræmi við ákvæði í 17. gr. laga félagsins þar sem segir:

„Aðalfund skal halda ár hvert á tímabilinu frá 15. feb.–15. mars. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag“.

Ekki tókst að koma tölvupóstum til skila til 12 félaga í fyrstu atrennu og var því tekinn upp síminn og hringt í viðkomandi til að afla nýrra póstfanga. Átta fundarboð þurfti þó að póstleggja til félagsmanna sem ekki eru með tölvupóstfang á skrá hjá félaginu og voru þau póstlögð sama dag, 28. janúar.

29. janúar – Þriðjungur félagsmanna hefur náð eftirlaunaaldri.

Í ársreikningsgögnum félagssjóðs fyrir fjárhagsárið 2021 koma fram upplýsingar um greidd félagsgjöld. Þar kemur m.a. fram hverjir greiða fullt gjald, hverjir hálft og hverjir eru undanþegnir greiðslu gjalds, sbr. 8. gr. félagslaga:

„Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna og þeir sem eru 67 ára og eldri greiða hálft gjald. Námsmenn yngri en 24 ára greiða ekki félagsgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum



félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert og eindagi 1. júlí. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflegri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins“.

Að teknu tilliti til framangreinds kemur í ljós að nokkuð nákvæmlega má áætla að um þriðjungur félagsmanna hafi náð 67 ára aldri (eða meir). Þar af leiðir að tveir þriðju hlutar eða um 66% eru undir eftirlaunaaldri.

29. janúar – Styrktarlína Vodafone.

Þegar ÍRA fékk nettengingu frá Vodafone á sínum tíma, var um það samið að félagið kæmi til móts við fyrirtækið með því að birta styrktarlínu í CQ TF og á heimasíðu.

Í 1. tbl. CQ TF 2022 má sjá þessa styrktarlínu í fyrsta skipti. Meðfylgjandi er mynd af bls. 2 þar sem styrktarlínan er birt.

Þess má geta að þann 9. desember (2021) var tengingin uppfærð í VDSL um ljósnet og annaðist Benedikt Sveinsson, TF3T þá uppfærslu.

29. janúar – Fréttir frá Vík í Mýrdal og úr Bláfjöllum.

KiwiSDR viðtækin í Bláfjöllum og Vík í Mýrdal voru tekin niður 29. janúar. Viðtækið sem var í Vík verður sett upp á næstunni á nýjum stað fyrir austan fjall.

Georg Kulp, TF3GZ fór í Bláfjöll 29. janúar og sótti KiwiSDR viðtækið. Að sögn Georgs er leitað að nýrri staðsetningu. Í sömu ferð var stafrænn D-STAR endurvarpi Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML tengdur á ný og í framhaldi, uppfærður af Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A með aðstoð Terry M. Stader, KA8SCP.

Vetrarríki í Bláfjöllum 29. janúar. Ljósmynd: Georg Kulp, TF3GZ.

Endurvarpinn TF3RPI hefur gátt yfir netið út í heim og hefur uppfærslan í för með sér aukna möguleika og vinnslugetu frá því sem áður var. Tækið styður þar með nýjustu D-STAR uppfærslurnar frá Icom. Tíðni: 439.950 MHz (QRG inn –5 MHz).

Mynd af tækjaskápnum fyrir TF3RPI endurvarpann í Bláfjöllum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

KiwiSDR viðtækin á Bjargtöngum og á Raufarhöfn sem ná yfir tíðnisviðið fra 10 kHz til 30 MHz eru í góðu lagi, auk Airspy R2 SDR vitækisins í Perlunni í Reykjavík sem þekur tíðnisviðið 24–1800 MHz.

Bjargtangar: http://bjarg.utvarp.com/

Raufarhöfn: http://raufarhofn.utvarp.com/

Perlan Reykjavík: http://perlan.utvarp.com/

29. janúar – KiwiSDR viðtæki sett upp í Flóanum. Síðdegis þann 29. janúar, var KiwiSDR viðtækið [sem var í Vík í Mýrdal] flutt og sett upp að Galtastöðum í Flóahreppi. Viðtækið hefur afnot af tveimur T-loftnetum sem eru strengd á milli sex 15 metra hárra tréstaura þar á staðnum.

T-lofnetin sem eru tengd við KiwiSDR viðtækið eru strengd efst á milli sex 15 metra hárra tréstaura. Ljósmynd: Landform, landslagsarkitektar.

Georg Kulp, TF3GZ lánar viðtækið, Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A lánar beini og veitti tæknilega aðstoð og Jóhann Einarsson, TF1TJN útvegaði aðstöðu og setti tækið upp á staðnum. Slóðin er: http://floi.utvarp.com/

Þakkir til Ara, Georgs og Jóhanns fyrir verðmætt framlag. Hér um að ræða mikilvæga viðbót fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

29. janúar – Upplýsingar á heimasíðu uppfærðar. Upplýsingar á opnunarsíðu heimasíðunnar voru uppfærðar eftir breytingarnar á KiwiSDR viðtækjunum yfir netið, samanber meðfylgjandi mynd.

Mikil ánægja er með að hafa vefslóðirnar á öll viðtækin yfir netið á þessum stað. Þakkir til Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS sem annaðist breytinguna.

29. janúar – Fundur í fastanefnd IRAU Svæðis 1. Jónas Bjarnason, TF3JB sat fund í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti fyrir hönd ÍRA 29. janúar. Fundurinn fór fram á netinu á milli kl. 13 og 16.



Skjámynd af hluta fundarmanna 29. jan. TF3JB sést efst til vinstri.

Fróðlegur fundur að vanda, m.a. skýrslur frá fulltrúum landsfélaganna, umfjöllun um fyrirkomulag og samvinnu radíóamatöra þegar þörf er fyrir neyðarfjarskipti, umfjöllun um næsta fund nefndarinnar sem verður í Friedrichshafen föstudaginn 24. júní n.k., samhliða Ham Radio sýningunni sem verður haldin 24.– 26. júní.

Jónas sat einnig fyrri fund nefndarinnar á starfsárinu, þann 15. maí (2021). Sá fundur var ennfremur fjarfundur vegna Covid-19.

31. janúar – Opið hús í Skeljanesi 3. febrúar.
Eftirfarandi tilkynning var sett á heimasíðu og FB síður 31. janúar:

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verður opin fimmtudaginn 3. febrúar frá kl. 20:00.

Í nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra sem gildir til 24. febrúar n.k., hafa verið gerðar tilslakanir. Almennar fjöldatakmarkanir miðast nú við 50 manns og er ekki skylt að nota andlitsgrímur þar sem hægt er að viðhafa a.m.k. eins metra nándarreglu.

Í ljósi þessa verður grímunotkun valkvæð, þ.e. ekki er gerð krafa um slíkt þann 3. febrúar. Í annan stað, verða kaffiveitingar teknar upp á ný.

Almennt séð er þess farið á leit, að félagar sem hafa hug á að mæta í Skeljanes fresti því ef þeir kenna lasleika af einhverju tagi, af virðingu við aðra.

Verið velkomin í Skeljanes!

Stjórn ÍRA.

1. febrúar – Niðurstöður í SAC SSB keppninni 2021.
Niðurstöður liggja fyrir í Scandinavian Activity keppninni 2021 – SSB hluta sem fram fór 9.–10. október s.l.

TF3T – einmenningsflokkur – 20 metrar – háafl – 209.856 punktar. 1. sæti.
TF3AO – einmenningsflokkur – 20 metrar – háafl – 4.212 punktar. 18. sæti.
TF2MSN – einmenningsflokkur – öll bönd – lágafl – 12.972 punktar. 27. sæti.
TF8KY – einmenningsflokkur – öll bönd – háafl – 27.180 punktar 51. sæti.

Hamingjuóskir til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir bestan árangur í sínum keppnisflokki.

2. febrúar – Tiltekt í QSL herbergi.
TF3DC, TF3JB og TF3UA mættu í Skeljanes miðvikudaginn 2. febrúar eftir vinnu. Farið var yfir dótið sem flutt var 5. desember s.l. í QSL herbergið úr gömlu geymslunni og það flokkað (sbr. frásögn í 4. tbl. CQ TF 2021).

Skeljanesi 2. febrúar. Sæmundur Þorsteinsson TF3UA og Jónas Bjarnason TF3JB. Ljósmynd: TF3DC.

Stærstum hluta var komið í svarta ruslapoka, en nokkur hluti var varðveittur. Skemmtilegt kvöld. Hressir menn. Mikið talað (en mikið framkvæmt um leið).

3. febrúar – Fyrsta opnun á árinu 2022 í Skeljanesi.
Fyrsta opnunarkvöld félagsaðstöðunnar á árinu 2022 var fimmtudaginn 3. febrúar.

Ástæða þessa var sú, að fyrsta fimmtudag ársins, 7. janúar var þrettándinn og 13., 20. og 27. janúar þurfti að hafa félagsaðstöðuna lokaða vegna reglugerðar heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar þar sem fjöldatakmarkanir miðuðust við mest 10 manns. Ennfremur kom til yfirlýsing ríkislögreglustjóra frá 11. janúar, um neyðarstig almannavarna vegna Covid-19.

Í ljósi tilslakana stjórnvalda í nýrri reglugerð sem tók gildi 3. febrúar miðuðust tilslakanir stjórnvalda við 50 manns og var ekki skylt að nota andlitsgrímur þar sem hægt er að viðhafa a.m.k. eins metra nándarreglu. Í ljósi þessa var auglýst opnun í Skeljanesi 3. febrúar þar sem grímunotkun var valkvæð. Í annan stað voru kaffiveitingar teknar upp á ný.

Mæting var ágæt; alls 14 félagar í húsi þetta fyrsta opnunarkvöld ársins. Mikið rætt og góð stemning. Nýja CQ TF blaðið, 1. tbl. 2022, lá frammi prentað ásamt tímaritum annarra landsfélaga radíóamatöra á

Skeljanesi 3. febrúar. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Jónas Bjarnason TF3JB og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3DC.

stóra fundarborðinu. Kaffiveitingar, m.a. rómaðar kleinur frá IKEA bakaríinu og IKEA Göteborgs kaffikex.

4. febrúar – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (*e. cluster*) vikuna 22.–28. janúar s.l.

Alls fengu 16 íslensk kallmerki skráningu að þessu sinni. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), RTTY og tali (SSB) á 15, 17, 20, 30, 40, 60, 80 og 160 metrum, auk QO-100 gervitunglsins.

Upplýsingarnar eru fengnar á http://www.dxsummit.fi/#/ Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 30 metrum.
TF1EIN	FT8 á 60 metrum.
TF2CT	FT4 á 20 metrum.
TF2MSN	FT8 á 160 metrum.
TF3AO	RTTY á 20 metrum.
TF3JB	FT8 á 15, 20 og 30 metrum.
TF3LB	CW um QO-100 gervitunglið.
TF3MH	FT8 á 15 metrum.
TF3PPN	RTTY á 20 metrum.
TF3SG	CW á 40 og 80 metrum.
TF3T	SSB á 20, 40 og 80 metrum.
TF3VE	FT8 á 17 og 30 metrum.
TF3VG	FT8 á 60 metrum.
TF3XO	SSB á 20 metrum.
TF5B	FT8 á 17 og 40 metrum.
TF8KY	SSB á 20 og 40 metrum.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A var virkur á tímabilinu á FT8 á 30 metrum. Myndin er af glæsilegri fjarskiptaaðstöðu hans í Reykjavík. Ljósmynd: TF1A.

6. febrúar – CQ WW 160 metra keppnin.

CQ World Wide 160 metra keppnin á morsi fór fram helgina 28.–30. janúar s.l. Nokkur TF kallmerki voru meðal þátttakenda.

Fjarskiptadagbók var send inn fyrir TF1AM sem keppti í einmenningsflokki, háafli, aðstoð. TF3SG sendi inn viðmiðunardagbók (*e. checklog*).

Nær 3000 leyfishafar sendu inn keppnisgögn, en frestur til að senda gögn til keppnisnefndar rann út á miðnætti 4. febrúar. Niðurstöður verða birtar í CQ tímaritinu í desember n.k.

SSB hluti keppninnar fer fram helgina 25.–27. febrúar n.k.

10. febrúar – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 10. febrúar. Ágæt mæting; alls 17 félagar + gestur voru í húsi þetta annað opnunarkvöld ársins. Mikið rætt, góð stemning og kaffiveitingar.

Kristján Benediktsson TF3KB, Haukur Konráðsson TF3HK og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmynd: TF3AWS.

Sérstakur gestur okkar var Helge-Jörgen Lammers, DC3SHL frá borginni Roth í Þýskalandi. Hann var mjög ánægður með heimsóknina og ætlar að koma við aftur í júnímánuði þegar hann verður á ný á ferð á landinu.

Helgi-Jörgen Lammers DC3SHL í Skeljanesi 10. febrúar. Ljósmynd: TF3PW.

17. febrúar – Opið hús í Skeljanesi.

Þokkaleg mæting var í félagsaðstöðuna 17. febrúar þrátt fyrir mikla ófærð á stór-Reykjavíkursvæðinu mættu alls níu félagar í hús.

Fjörleg umræða var þrátt fyrir fámenni enda nægt af kaffi og kexi. Færðin á bílastæðinu við húsið var ekki góð vegna fannfergis en ekkert mál sögðu þeir sem lögðu fjær bílaplaninu. Einn félagi náði þó að festa sig en var strax dreginn upp.

18. febrúar – CQ WPX RTTY keppnin.

CQ WPX RTTY keppnin 2022 fór fram 12.–13. febrúar. Frestur rann út 18. febrúar til innsendingar gagna. Keppnisgögn voru send inn fyrir alls 8 TF kallmerki:

Andrés Þórarinsson, TF1AM.
Ársæll Óskarsson, TF3AO.
Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN.
Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN.
Sigmundur Karlsson, TF3VE.
Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS.
Ægir Þór Ólafsson, TF2CT.

Alls bárust 3417 dagbækur til keppnisstjórnar. Til samanburðar voru gögn send inn fyrir 5 TF stöðvar árið 2021.

18. febrúar – Nýtt efni frá prófnefnd á heimasíðu.

Nýlega uppgötvaðist að vönduð samantekt, „Reglur um þráðlaus fjarskipti radíóamatöra, aðferðir og venjur í fjarskiptum“ sem Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar tók saman fyrir námskeið félagsins í fyrra (2021) hafði ekki ratað inn á vefsvæði prófnefndar á heimasíðu félagsins.

Námsefni til prófs radíóamatöra:

Reglur um þráðlaus fjarskipti radíóamatöra, aðferðir og venjur í fjarskiptum

Sjá nánar ítarefni um námsefni í reglum og viðskiptum á vef ÍRA:
http://www.ira.is/profnefnd/

Prófnefnd ÍRA
útg. 31. maí 2021

Það náðist að leiðrétta 18. febrúar. Þakkir til Kristins fyrir vel samið efni og þakkir til TF3VS fyrir innsetninguna. Vefslóð: http://www.ira.is/profnefnd/

20. febrúar – Aðalfundur ÍRA 2022.

Aðalfundur ÍRA 2022 fór fram í safnaðarheimili Neskirkju í Reykjavík sunnudaginn 20. febrúar. Fundurinn var settur kl. 13:00. Leiðinleg færð gerði það að verkum að færri mættu en ella, en alls mætu 21 félagi á fundarstað.

Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA sem fundarstjóri og fundarritari.

Stjórn var endurkjörin nema Óskar Sverrisson, TF3DC sem ekki gaf kost á sér. Georg Magnússon, TF2LL var kosinn í hans stað í stjórn til næstu 2 ára. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir, þeir Haukur Konráðsson TF3HK og Yngvi Harðarson, TF3Y. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS var kosinn til vara.

Skýrslur embættismanna:

- Jónas Bjarnason, TF3JB formaður flutti skýrslu stjórnar 2021/22.
- Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður flutti skýrslu um sitt embætti.
- Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar skilaði skýrslu sem ritari nefndarinnar, TF3VS flutti í hans stað.
- Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri TF/ÍRA QSL Bureau flutti skýrslu um sitt embætti.
- Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður Páskaleika og VHF/UHF leika flutti skýrslu um sitt embætti.

Að tillögu gjaldkera, TF3PW var samþykkt hækkun félagsgjalds úr 6500 kr. í 7000 kr. fyrir 2022/23.

Undir liðnum önnur mál tók Anna Henriksdóttir, TF3VB til máls og skýrði frá ársfundi SYLRA (Scandinavian YL Radio Amateurs) sem verður haldinn í Turku í Finnlandi í ágústmánuði. Þá voru afhent verðlaun og viðurkenningar vegna fjarskiptaviðburða ÍRA 2021. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður Páskaleikana og VHF/UHF leikana afhenti viðurkenningarnar, einnig fyrir Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmann TF útileikana sem hafði boðað forföll. Sjá nánar fundargerð og önnur fundargögn í grein um fundinn annarsstaðar í blaðinu.

Frá aðalfundi ÍRA 20. febrúar 2022. Ljósm.: TF3JB.

21. febrúar – Ársskýrsla stjórnar ÍRA 2021/22.

Meðan gagna sem lögð voru fram á aðalfundi 2022 var skýrsla formanns um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Skýrslan var lögð fram á prentuðu formi.



Gögn sem voru lögð fram í aðalfundarmöppu 20. febrúar 2022 ásamt skriffærum:

(1) Skýrsla um starfsemi ÍRA 2021/22; (2) dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun; (3) lög ÍRA; sérprentun; (4) listi yfir viðtakendur verðlauna og viðurkenninga ársins 2021; (5) áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2021; (6) ávarpsbréf til nýrra félagsmanna, 3. útg. 2022 og (7) nýtt kynningarrit um amatör radíó og ÍRA, 1. útg. 2022.

Hún skiptist í 15 kafla og tvo viðauka, auk formála og efnisyfirlits. Hún er alls 189 blaðsíður að stærð.

Vefslóð: https://tinyurl.com/arsskyrsla2022

23. febrúar – Af endurvörpum og viðtækjum yfir netið.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 23. febrúar um tilkynningu þess efnis, að endurvarparnir í Bláfjöllum væru úti vegna bilunar í dreifikerfi rafmagns á staðnum. Um er að ræða:

- TF1RPB (145.650 MHz).
- TF3RPI (439.950 MHz).
- TF3RPL (1297.000 MHz)

Viðtækin yfir netið á Bjargtöngum og í Perlunni eru einnig úti vegna bilana en önnur KiwiSDR viðtæki virka vel.

Mynd úr Bláfjöllum. Ljósmynd: TF3GZ.

24. febrúar – VHF endurvarpar QRV

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður degi síðar, 24. febrúar: Að gefnu tilefni skal þess getið að eftirfarandi VHF FM endurvarpar eru virkir og í góðu lagi:

- TF3RPK Skálafell (145.575 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.
- TF3RPA Skálafelli (145.600 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.
- TF3RPE Búrfell (145.700 MHz). Næst víða frá Reykjavík og þekur Suðurland að hluta.
- TF3RPJ Mýrar (145.750 MHz). Næst vel frá Reykjavík og þekur m.a. Snæfellsnes og Vesturland.
- TF5RPD Vaðlaheiði (145.625 MHz). Næst m.a. vel á Akureyri og í nágrenni.

Endurvarparnir í Bláfjöllum eru enn úti vegna bilunar í dreifikerfi rafmagns á staðnum. Ekki vitað hvenær rafmagn kemst á.

- TF1RPB (145.650 MHz).
- TF3RPI (439.950 MHz).
- TF3RPL (1297.000 MHz)

Samúel Þór Guðjónsson TF3SUT vinnur við uppsetningu Diamond SE-300 loftnets fyrir endurvarpann TF3RPK í Skálafelli haustið 2019. Ljósmynd: TF1A.

24. febrúar – Leyfi radíóamatöra afturkölluð í Úkraínu.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 24. febrúar:

Stjórnvöld í Úkraínu hafa afturkallað öll leyfi til radíóamatöra frá og með miðnætti 24. febrúar vegna stríðsátakanna í landinu.

Ákvörðunin gildir í allt að 30 daga eða þar til nánar verður ákveðið.

Stjórn ÍRA.

24. febrúar – Svipmynd frá aðalfundi.

Á aðalfundi félagsins þann 20. febrúar voru m.a. veitt verðlaun og viðurkenningar fyrir fjarskiptaviðburði ÍRA á árinu 2021. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY afhenti verðlaunin til þeirra sem voru staddir á fundinum, samanber meðfylgjandi ljósmynd.

PÁSKALEIKAR ÍRA 2021.

1. sæti. Verðlaunagripur: Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.
2. sæti. Verðlaunagripur: Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
3. sæti. Verðlaunagripur: Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN.

VHF/UHF LEIKAR ÍRA 2021.

1. sæti.Verðlaunagripur: Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.
2. sæti. Verðlaunagripur: Magnús Ragnarsson, TF1MT.
3. sæti. Verðlaunagripur: Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM.

Verðlaunaskjal fyrir bestu ljósmyndina í leikunum: TF1MT.

Verðlaunaskjal fyrir skemmtilegustu færsluna í leikunum: TF1MT.

TF ÚTILEIKAR ÍRA 2021.

1. sæti. Verðlaunaplatti og verðlaunaskjal: Andrés Þórarinsson, TF1AM.
2. sæti. Viðurkenningarskjal: Einar Kjartansson, TF3EK.
3. sæti. Viðurkenningarskjal: Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
4. sæti. Viðurkenningarskjal: Íslenskir radíóamatörar, TF3IRA.
5. sæti. Viðurkenningarskjal: Eiður K. Magnússon, TF1EM.

28. febrúar – Námskeið til amatörprófs.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 28. febrúar.

Í undirbúningi er námskeið til amatörprófs sem hefst á næstunni. Um verður að ræða 7 vikna námskeið með 20 kennsluskiptum (hvert er 3 kennslustundir).

Námskeiðið verður boðið bæði í stað- og fjarnámi. Stefnt er að prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis í byrjun maí n.k.

Áhugasamir eru beðnir um að fylgjast með upplýsingum hér á heimasíðu ÍRA, www.ira.is

Afhending verðlauna og viðurkenninga fyrir fjarskiptaviðburði ÍRA á árinu 2021.
Frá vinstri: Eiður Kristinn Magnússon TF1EM viðurkenning fyrir 5. sæti í TF útileikunum. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY viðurkenning fyrir 3. sæti í TF útileikunum. Andrés Þórarinsson TF1AM verðlaunaplatti og viðurkenning fyrir 1. sæti í TF útileikunum. Ólafur Örn Ólafsson TF1OL verðlaun fyrir 1. sæti í Páskaleikunum og 1. sæti í VHF/UHF leikunum. Óskar Sverrisson TF3DC keppnisstjóri TF3ÍRA, viðurkenning fyrir 4. sæti í TF útileikunum. Ljósmynd: TF3JON.

Vakin er athygli á nýju kennsluefni á vefsíðu Prófnefndar ÍRA: „Reglur um þráðlaus fjarskipti radíóamatöra, aðferðir og venjur í fjarskiptum“ eftir Kristinn Andersen, TF3KX. Vefslóð: http://www.ira.is/profnefnd/

Stjórn ÍRA.

Námskeið til amatörprófs voru haldin reglulega í Háskólanum í Reykjavík á tímabilinu frá 2013–2019. Ekki fékkst inni með námskeiðið í fyrra (2021) hjá HR enda skólinn lokaður öllum utanaðkomandi vegna Covid-19 faraldursins. Vonast er til að hægt verði að boða vornámskeið 2022 til amatörprófs á ný í HR.

3. mars – Allir endurvarpar virkir á ný.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 3. mars:

Endurvarparnir þrír í Bláfjöllum komust í lag síðdegis 3. mars:

- TF1RPB (145.650 MHz).
- TF3RPI (439.950 MHz).
- TF3RPL (1297.000 MHz).

Allir VHF/UHF FM endurvarparnir sem standa radíóamatörum til boða á landinu eru því loks í lagi á ný. Upplýsingar á heimasíðu ÍRA hafa verið uppfærðar.

Þakkir góðar til Georgs Kulp, TF3GZ sem lagði á fjallið eftir hádegið 3. mars og bjargaði málinu.

Stjórn ÍRA.

Bláfjöluml 3. mars kl. 16:30. Mikið vetrarríki, birtu tekið að bregða og hrímþoka. Ljósmynd: TF3GZ

3. mars – Frá opnun í Skeljanesi 3. mars.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 3. mars. QSL stjóri hafði flokkað nýjar kortasendingar í hólfin og veglegt var með kaffinu frá Björnsbakarii.

Hressir menn, góðar umræður og ekki laust við að það væri vortilfinning í lofti enda hlé á lægðagangi og stutt í jafndægur á vori. Það var því mikið rætt um mismunandi loftnet, loftnetsturna, rótora, aðlögun

Skeljanesi 3. mars. Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Benedikt Sveinsson TF3T, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Georg Kulp TF3GZ, Jónas Bjarnason TF3JB, Þórður Adolfsson TF3DT og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID. Ljósmynd: Jón Björnsson TF3PW.

loftneta og skilyrðin. Ennfremur rætt um alþjóðlegu ARRL keppnina sem fram fer á SSB um helgina.

Alls mættu 12 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í rólegu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

6. mars – Fréttir af viðtækjum yfir netið.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 6. mars:

Airspy R2 SDR viðtækið í Perlunni í Reykjavík er komið inn. Þakkir til Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ. KiwiSDR viðtækin á Galtastöðum í Flóa og á Raufarhöfn er virk en viðtækið á Bjargtöngum er úti.

Viðtæki yfir netið:

- Galtastaðir í Flóa, KiwiSDR 10 kHz – 30 MHz: http://floi.utvarp.com/
- Perlan, Airspy R2 SDR – 24 MHz til 1800 MHz. http://perlan.utvarp.com
- Raufarhöfn, KiwiSDR 10 kHz – 30 MHz: http://raufarhofn.utvarp.com
- Bjargtangar, KiwiSDR 10 Khz – 30 MHz: http://bjarg.utvarp.com

Yfirlitsmyndin sýnir turnana á Raufarhöfn sem halda uppi lóðrétta T-loftnetinu sem er tengt við KiwiSDR viðtækið og er staðsett í skúrnum hægra megin við jeppabifreiðina. Ljósmynd: TF3GZ.

7. mars – Bil brúað við turnfót.

Þegar unnið var við björgun loftnetsvirkis TF3IRA 12.–15. janúar s.l. þurfti m.a. að klippa hluta úr bárujárnsgirðingunni sjávarmegin í Skeljanesi þar sem turninn er reistur þétt upp við girðinguna. Þarna

Bárujárnsgirðingin fyrir breytingu 7. mars. Veggjakrotið dregur athyglina heldur frá opinu í girðingunni.

er vinsæll göngustígur og mikil umferð af fólki, alla dag ársins. Því var talið nauðsynlegt að loka bilinu aftur við fyrsta tækifæri.

Í hádeginu þann 7. mars gafst tími til að drífa verkefnið af og mætti Georg Kulp, TF3GZ á staðinn um hádegisbilið og rúmri klukkustund síðar var búið að brúa bilið og bárujárnsgirðingin á ný skammlaus.

Þakkir til Georgs fyrir þarft og vel unnið verk.

Síðustu handtökin við að brúa bilið. Næsta verkefni verður (þegar veður leyfir) að mála yfir veggjakrotið. Myndir: TF3JB.

8. mars – Ný stjórn skiptir með sér verkum.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður 8. mars:

Ný stjórn félagsins, sem kjörin var á aðalfundi ÍRA 2022, kom saman á 1. fundi í dag, 8. mars og skipti með sér verkum. Skipan embætta starfsárið 2022/23 er eftirfarandi:

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður.
Georg Magnússon, TF2LL, varaformaður.
Guðmundur Sigurðsson TF3GS, ritari.
Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri.
Georg Kulp TF3GZ, meðstjórnandi.
Sæmundur Þorsteinsson TF3UA, varamaður.
Heimir Konráðsson TF1EIN, varamaður.

Stjórn ÍRA.

http://www.ira.is/allar-frettir/almennt/

10. mars – Frá opnun í Skeljanesi 10. mars.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 10. mars.

Skemmtilegt kvöld og áhugaverðar umræður. Sérstakur gestur ÍRA var Hansi Reiser, DL9RDZ frá Passau í Þýskalandi. Borgin er nærri landamærunum við Austurríki. Hansi er áhugasamur um tæknina og hefur m.a. verið virkur í hópi radíóamatöra sem standa að baki klúbbstöðinni við háskólann í Passau.

Hansi DL9RDZ í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Hann var mjög hrifinn af búnaðinum, m.a. af uppbyggingu gervihnattahluta stöðvarinnar fyrir QO-100 gervitunglið sem hann þekkir vel til. Ljósmynd: TF3JB.

Yfir kaffinu var rætt um tæknina og heimasmíðar, áhugaverð skilyrði á HF, RF magnara, stöðvar, loftnet og annan búnað. Ennfremur rætt um CQ WW WPX SSB keppnina sem er framundan 26.–27. mars n.k.

Alls mættu 14 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í rólegu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

11. mars – Endurvarpar í Bláfjöllum úti.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 11. mars.

Rafmagnsleysi hrjáir VHF/UHF endurvarpana í Bláfjöllum frá því í gær, 10. mars:

- TF1RPB (145.650 MHz).
- TF3RPI (439.950 MHz).
- TF3RPL (1297.000 MHz).

Eftirfarandi VHF FM endurvarpar eru virkir og í góðu lagi:

- TF3RPK Skálafell (145.575 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.
- TF3RPA Skálafelli (145.600 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.
- TF3RPE Búrfell (145.700 MHz). Næst víða frá Reykjavík og þekur Suðurland að hluta.
- TF3RPJ Mýrar (145.750 MHz). Næst vel frá Reykjavík og þekur m.a. Snæfellsnes og Vesturland.
- TF5RPD Vaðlaheiði (145.625 MHz). Næst m.a. vel á Akureyri og í nágrenni.

Endurvarparnir í Bláfjöllum eru úti vegna rafmagnsbilunar á staðnum. Unnið er að lausn bilunarinnar.

11. mars – Ritstjóri kallar eftir efni.
Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 11. mars.

Næsta tölublað CQ TF, 2. tölublað 2022, kemur út 3. apríl n.k.

Allt efni um áhugamálið er vel þegið í blaðið, s.s. frásagnir, ljósmyndir, eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr.

Nýjung er, að félagsmönnum er boðið að auglýsa frítt í blaðinu notuð fjarskiptatæki og/eða búnað sem tilheyrir áhugamálinu.

TF3SB ritstjóri CQ TF.

Skilafrestur efnis er til 20 mars n.k.
Netfang ritstjóra: tf3sb@ox.is

Félagskveðjur og 73,
TF3SB, ritstjóri CQ TF.

11. mars – Námskeið til amatörprófs verður 28. mars.
Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 11. mars.

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS VERÐUR 28. MARS

- 28. mars til 20. maí – ef næg þátttaka fæst.
- Bæði í stað- og fjarnámi.
- Í Háskólanum í Reykjavík.
- Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga kl. 18:30–21:30.
- Námskeiðinu lýkur með prófi Fjarskiptastofu sem fram fer í HR 21. maí.
- Námskeiðsgjald: 22.000 krónur.
- Síðasti skráningardagur: 24. mars.

Kennt verður í stofu HR V107 og samhliða yfir netið í gegnum tölvu (eða snjalltæki) þar sem fjarstaddir þátttakendur fylgjast með um eigin tölvubúnaði með forritinu Google Meet. Kennd verða raffræði, radíótækni, reglugerð og radióviðskipti.

Skráning fer fram á „ira [hjá] ira.is“. Vinsamlegast skráið nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer. Eftir að skráning er móttekin varða sendar nánari upplýsingar um fyrirkomulag í tölvupósti, svo sem um kennsluefni og fleira.

Gjald má greiða inn á reikning: 0116-26-7783, kennitala: 610174-2809. Vinsamlegast skráið kennitölu ykkar í athugasemdir. Þátttakendum er bent á fræðslustyrki stéttarfélaga og Vinnumálastofnunar til að sækja námskeiðið.

Fyrirspurnir má senda á póstfangið ira [hjá] ira.is

Til grundvallar er reglugerð um starfsemi radióáhugamanna nr. 348/2004 með síðari breytingum. Vefslóð: https://tinyurl.com/reglug-radioamat

Stjórn ÍRA.

Háskólinn í Reykjavík er staðsettur við Menntaveg í Öskjuhlíðinni skammt frá Reykjavíkurflugvelli. Ljósmynd: HR.

15. mars – Námskeið ÍRA – opið fyrir skráningar.
Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með þessari fyrirsögn 15. mars.

Efnið var svipað og sett var inn 4 dögum síðar, nema að þessu sinni var ekki fyrirvari settur hvað varðar þátttöku, vegna þess að ljóst væri að lágmarksþátttöku væri náð.

Ennfremur var sett inn vefslóð á skipulag námskeiðsins; http://www.ira.is/namskeid/

Þegar hafa borist skráningar frá höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni, þ.e. Þorlákshöfn, Sauðárkróki og Raufarhöfn. Miðað við fyrirspurnir er líklegt að þátttaka verði frá fleiri stöðum úti á landi sem yrði mjög ánægjulegt.

Aurora – Norðurljós – Dagar á ári – Samanburður við nágrannalöndin

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW og Yngvi Harðarson, TF3Y fluttu erindi um DX-keppnir og hvernig best má ná árangri í þeim 17.2.2011. Fyrri hluti erindisins fjallaði um sérstöðu okkar út frá hnattstöðu landsins og norðurljósavirkni. Í seinni hlutanum var farið yfir allar helstu alþjóðlegar keppnir á árinu 2010 á CW, SSB og RTTY og árangur TF stöðva skoðaður, með hliðsjón af norðurljósavirkninni (í hverri keppni) og hins vegar með samanburði við aðrar stöðvar.

Land	Dagar á ári
Ísland	243
Shetlandseyjar	100
Norður Skotland	50
Mið England	10
Norður Frakkland	5

Aðalfundur ÍRA 2022

Í Safnaðarheimili Neskirkju, 20. 2. 2022.

21 félagi mætti til fundar. Það voru:

Andrés Þórarinsson	TF3AM
Anna Henriksdóttir	TF3VB
Baldvin Þórarinsson	TF3-033
Benedikt Sveinsson	TF3T
Eiður Kristinn Magnússon	TF1EM
Georg Kulp	TF3GZ
Gísli Ófeigsson	TF3G
Hans Konrad Kristjánsson	TF3FG
Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY
Hinrik Vilhjálmsson	TF3VH
Jón Björnsson	TF3PW
Jón Svavarsson	TF3JON
Jónas Bjarnason	TF3JB
Kristján Benediktsson	TF3KB
Mathías Hagvaag	TF3MH
Ólafur Örn Ólafsson	TF1OL
Óskar Sverrisson	TF3DC
Sigurbjörn Bjarnason	TF3SB
Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA
Vilhelm Sigurðsson	TF3AWS
Vilhjálmur Sigurjónsson	TF3VS

Fundardagskrá er skv. 19. gr. laga ÍRA.

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn fundarritari.
3. Könnuð umboð.
4. Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.
5. Formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
6. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
8. Lagabreytingar.
9. Stjórnarkjör.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.

Formaður, Jónas Bjarnason TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Hann lagði til að fundarstjóri yrði Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS og fundarritari yrði Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA. Þessar tillögur voru samþykktar með lófataki.

TF3VS tók þá við fundarstjórn og TF3UA við fundarritun. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan enda var til hans boðað skv. lögum félagsins. Engin umboð voru lögð fram og engar athugasemdir við fundargerð seinasta aðalfundar höfðu komið fram. Fundarstjóri minntist látinna félaga, sem voru Karl Jóhann Lilliendahl, TF3KJ, Sigurður Kolbeinsson, TF8TN og Tryggvi Garðar Valgeirsson, TF3TI. Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við þá.

Að svo búnu gaf fundarstjóri formanni félagsins, TF3JB orðið. Flutti hann skýrslu formanns sem lá frammi litprentuð á borðum fundarmanna þar sem starfsemi félagsins á starfsárinu er rakin nákvæmlega í máli og myndum. Meðal þess sem formaður gat um var 75 ára afmæli félagsins sem það átti þ. 13. ágúst 2021. Fresta varð hátíðarhöldum vegna faraldursins. Stefnt er að því að halda upp á afmælið á þessu ári. Loftnetavinna hefur ekki setið á hakanum á árinu, og var Yagi-Uda loftneti félagsins bjargað nýlega þegar undirstöður turnsins voru lagaðar en þær voru við það að bresta. Auglýst voru tvö námskeið á árinu, það fyrra í mars en í kjölfar þess var amatörpróf haldið. Seinna námskeiðið var auglýst í september og átti það að vera netnámskeið. Því miður þurfti að fella það niður vegna þátttökuleysis.

Svipmynd frá aðalfundi 2022. Ljósmynd: TF3JB.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2021/22. Ljósmynd: TF3JON.

CQ-TF kom út fjórum sinnum á árinu, hver útgáfa mjög vegleg. Fjögurra síðna kynningarrit um radíóamatöra og starfsemi þeirra var kynnt. Einnig var kynnt fjögurra síðna ávarpsbréf til nýrra félaga sem ganga í félagið. Samskipti við stjórnvöld hafa gengið vel á árinu, og hafa heimildir amatöra verið rýmkaðar. Viðræður eru í gangi um 5 MHz bandið. Gjafir til ÍRA hafa verið miklar að vöxtum, radíódót hefur borist félaginu í miklu magni. Tvær afmælisgjafir bárust, fyrirtækið ORG gaf útskorið listaverk sem heitir Bylgjur. Einnig færði OH2LAK/TF3EY morslykil að gjöf frá finnska félaginu. Stefnt mun vera að því að gera við húsið þar sem félagið hefur aðsetur. Húsið hefur gulan friðunarlit. Að svo búnu lauk formaður máli sínu.

TF3AM taldi skýrsluna afar góða og er stoltur af því að hafa hana undir höndum. TF3FG tók undir það.

Þá var komið að 6. lið dagskrár. QSL stjóri sagði að gjaldskrá póstþjónustunnar hafi hækkað upp úr öllu valdi, og vinna við pakkana vaxið. Smávegis tap varð á rekstrinum á seinasta ári. Tollurinn erlendis er orðinn miklu ágengari en áður og fleiri pakkar eru endursendir. Gjöld QSL stofunnar voru hækkuð á árinu og vonast QSL-stjóri til þess að endar nái saman á árinu.

Formaður prófnefndar, TF3KX átti ekki heimangengt en sendi skýrslu. Próf var haldið 5. júní 2021. Fimm tóku prófið, þrír stóðust það til G leyfis en einn til N leyfis. Samkomutakmarkanir hafa sett starfseminni skorður. Viðurkenningastjóri félagsins sendi góðar kveðjur til félagsins. Alþjóðatengiliður félagsins, TF3KB greindi frá því að margir fundir hafi verið haldnir. Ráðstefna var haldin í október um framtíð amatörradíós. Meðalaldur amatöra hækkar mikið, nærri um eitt ár á ári. Margar aðrar greinar kvarta yfir þessu sama. IARU svæði 1 efndi til þessarar málstofu og skrifaði TF3KB grein um þetta í seinasta CQ-TF þar sem hann lýsir málstofunni vel.

Að svo búnu urðu umræður um skýrslur embættismanna. Spurt var um þröskulda sem tollur víðs vegar setur upp vegna QSL sendinga. Þeir vilja fá tollflokkun og jafnvel tollgreiðslur. Vandamál hafa komið t.d. vegna nýrra starfsmanna tollþjónustunnar.

TF1OL lýsti áhyggjum af því hve fáir þeirra sem taka próf fari í loftið. Hann velti vöngum um ástæður þess. TF3KB tók undir þetta og taldi að í Noregi séu menn duglegri við að fara í loftið að loknu prófi en hér. Hann taldi svonefnt „Elmer“ fyrirkomulag geta vísað veginn til bóta en sagðist jafnframt hafa verið Elmer fyrir amatöra sem aldrei fóru í loftið. Einnig kom fram að sumir líti á það að standast prófið sem ögrun og snúa sér að öðru þegar sú ögrun hefur verið yfirunnin.

TF3T sagði að gera þyrfti félagsstöðina starfhæfa í fjarlægð. Það hentar miklu betur fyrir ungt fólk en að eiga eigin stöð. Straumlínulaga þurfi prófahaldið.

TF3FG taldi að kynna þurfi amatör radíó betur í sjónvarpi, Youtube, í skólum og víðar. Hressa þarf upp á fyrirkomulega prófa, gera það aðgengilegt og skemmtilegt.

Þá var komið að 7. lið þar sem gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Hann kynnti reikninginn, tekjur og gjöld. Tekjur voru 1055 þús. kr. og gjöld 856 þús. kr. Alls greiddu 170 félagsmenn félagsgjöld ársins. Eignir félagsins eru 3650 þús. kr. Engar spurningar eða umræður urðu um reikninginn og var hann samþykktur einróma.

8. Liður, lagabreytingar féll niður enda höfðu engar tillögur um lagabreytingar borist.

9. Stjórnarkjör. TF3JB gefur kost á sér til formanns. Hann var kjörinn með lófataki. Tveir stjórnarmenn. TF3DC og TF3GZ falla út. TF3DC gefur ekki kost á sér. TF3GZ og TF2LL gefa kost á sér og voru þeir kjörnir með lófataki. Varamenn eru TF3UA og TF1EIN og gáfu þeir kost á sér áfram. Þeir voru kjörnir með lófataki. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir TF3HK, TF3Y og varamaður þeirra TF3VS. Þetta var staðfest með lófataki.

10. Gjaldkeri lagði til hækkun árgjalds í 7000 kr. Þetta var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál. TF3VB sat stjórnarfund SYLRA sem eru samtök kvenna í amatör radíói á Norðurlöndunum. Þær ætla að reyna að hittast í Turku 18. – 21. ágúst. Hægt er að lesa sér til um þetta á heimasíðu SYLRA, www.sylra.is

TF3AM þakkaði stjórn og embættismönnum vel unnin störf. „Sama hvar er borið niður er þetta framúrskarandi vel gert“ að mati TF3AM.

Að lokum voru afhent verðlaun og viðurkenningar fyrir árangur í keppnum á vegum félagsins. Þetta var í umsjá Hrafnkels, TF8KY.

Fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu og sleit fundi kl. 14:33.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.

Ársreikningur ÍRA fyrir starfsárið 2021

Rekstrarreikningur

Tekjur		2021	2020
Innborguð félagsgjöld		925.750	910.000
Innborguð námskeiðsgjöld		128.000	-
Aðrar tekjur		771	838
	Samtals tekjur	**1.054.521**	**910.838**

Gjöld			
IARU aðildargjald		29.829	30.972
Kostnaður vegna félagsstöðvar		266.467	38.900
Kostnaður vegna námskeiðs		146.045	-
Keppnir og viðurkenningar		118.387	28.754
Kaffi og fundarkostnaður		34.677	18.423
Leiga fyrir pósthólf og sendikostnaður		20.810	19.810
Aðalfundur		23.505	-
Tölvukostnaður		36.145	30.201
Tryggingar		12.069	10.808
Styrkir og gjafir		9.999	-
CQ TF		137.009	130.000
Bankakostnaður og opinber gjöld		20.770	23.050
	Samtals gjöld	**855.712**	**330.918**

Efnahagsreikningur

Eignir		31/12/2021	31/12/2020
Bankainnistæða í byrjun tímabils		1.724.218	1.217.937
Tekjur umfram gjöld		198.809	579.920
Tækjakaup		- 223.517	- 73.639
Bankainnistæða í lok tímabils		1.699.510	1.724.218
Félagsmiðstöð, áhöld og tæki samkvæmt eignaskrá		1.950.387	2.158.588
	Eignir samtals	**3.649.897**	**3.882.806**

Höfuðstóll			
Höfuðstóll frá fyrra ári		3.882.806	3.824.123
Tekjur umfram gjöld		198.809	579.920
Afskriftir tækja, 20%		- 431.718	- 521.237
Skuldir		-	-
	Eigið fé og skuldir samtals	**3.649.897**	**3.882.806**

Til stjórnar og félaga í Íslenskum Radíóamatörum, ÍRA:
Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga ÍRA höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir fjárhagsárið 2021.
Við höfum kannað að eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru til staðar og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 10 . feb 2022

Haukur Konráðsson, TF3HK

Yngvi Harðarson, TF3Y

Stangarloftnet á HF

Jónas Bjarnason, TF3JB

Fyrir marga radíóamatöra getur verið valkostur til lengri eða skemmri tíma, að setja upp margbanda lóðrétta loftnetsstöng (*e. multiband vertical*) sem heimaloftnet fyrir HF böndin. Meginkostur slíkra loftneta er lítil fyrirferð.

Á markaði eru fáanleg sterk loftnet úr trefjaglersrörum sem [jafnvel] þarf ekki að staga. Þegar aðstæður bjóða hins vegar upp á stögun, má fá loftnet úr álrörum [oftast] með gildrum (spólum) sem eru verulega ódýrari. Gildrurnar eru eigintíðnistilltar á ákveðnu bandi og með því að staðsetja [jafnvel] nokkrar slíkar á mismunandi stöðum á stönginni, er hægt að nota eitt loftnet fyrir mörg tíðnisvið. Niðurstaðan er sú að skipting á milli banda verður sjálfvirk. Mikilvægt er að hafa í huga, að stangarloftnet þurfa í öllum tilvikum að tengjast við mótvægi til að hægt sé að eigintíðnistilla þau.

Fyrst er fjallað er um nokkur valin loftnet sem eru í notkun hjá radíóamatörum hér á landi og þeim skipt í þrjá flokka eftir verði. Þar á eftir er rætt um uppsetningu, m.a. stögun, mótvægi, eigintíðnistillingu og RF vandræði. Loks eru upplýsingar um umsagnir á eham.net.

1. Ódýrar lausnir.

Ódýrasta hefðbundna fjölbanda HF stangarnetið á markaði er þriggja banda loftnetið GP-3 frá WiMo í Þýskalandi. Það er með gildrum og vinnur á 20, 15 og 10 metrum, er 3,3 metrar á hæð og stenst íslenska veðráttu óstagað. Sami framleiðandi býður einnig hliðstætt net fyrir 30, 17 og 12 metrana (GP-3W) sem er 4.70 metrar á hæð en þarf að staga (á einni hæð) fyrir íslenskar aðstæður. Hvoru loftneti fylgja radíalar, einn á bandi.



WiMo GP-3 loftnet.

Enn ódýrari og fljótleg aðferð til að komast í loftið (til skemmri tíma) er að setja upp einsbands bílloftnet fyrir tiltekið HF band, t.d. á svalahandrið, upp á

HamStrick netin eru samsett úr 130cm stilk og stálteini sem gengur ofan í stilkinn og má lengja eða stytta til að fá besta standbylgju. Á stilkinn er vafin spóla sem er mislöng eftir böndum. Á 80 metrum er stilkurinn nánast allur ein löng spóla (þétt vafin) en fyrir 10 metrana er vírinn líkt og teygður gormur. Stilkurinn er hjúpaður svörtu plasti eins og sjá má á myndinni.

húsþak eða annarsstaðar þar sem hægt er að setja það upp og tengja við mótvægi, t.d. radíala. Algengust eru svokölluð „HamStick“ bílloftnet sem eru 2,6 metrar á hæð. Þau eru fáanleg fyrir öll bönd frá 160-6 metra.

Verð er mismunandi eftir böndum, en algengt verð á toppi fyrir 20 metrana er um 4 þúsund krónur (innkaupsverð). Þá á reyndar eftir að útbúa festingu með 3/8-24“ skrúfgangi. Margir hafa notað „nylonkubba“ sem voru algengir fyrir CB bílnet á árum fyrr. Festingar má líka panta erlendis frá og þær kosta frá $12 (1.600 krónum). HamStick topparnir eru gefnir upp fyrir mest 250W PEP.

2. Dýrari lausnir.

Algengasta fjölbanda HF stangarnet radíóamatöra hérlendis er Hustler 4BTV frá New-Tronics í Bandaríkjunum.

Það er fjögurra banda net sem vinnur á 40, 20, 15 og 10 metrum, er 6,6 metrar á hæð og stenst íslenska veðráttu – ef það er stagað (helst á tveimur hæðum).

Það notar gildrur fyrir 20, 15 og 10 metra böndin en vinnur sem ¼ á 40 metrum. Sami framleiðandi býð-

Tafla 1. Stangarloftnet frá WiMo.

Tegund/gerð	Bönd (metrar)	Mest afl (W)	Hæð (m)	Þyngd (kg)	Innk.v. €	Innk.v. kr. [1)]
WiMo GP-3	20-15-10	1000 PEP	3.30	1.5	83.61	12.100
WiMo GP-3W	12-17-30	1000 PEP	4.70	2.0	93.11	13.500

[1)] *Viðmiðunargengi er EUR 11.3.2022; ISK 144.50.*

Þegar New-Tronics fyrirtækið í Ohio setti 4BTV loftnetið fyrst á markað 1959 seldist það strax vel og vakti m.a. athygli fyrir hátt Q í loftnetsgildrum. Nokkrum árum síðar kom 5BTV með 80 metrunum og þegar WARC böndin komu til sögunnar 1979 kom 6BTV á markað með 30 metrunum. Árið 2003 hóf DXEngineering að hanna og framleiða aukahluti fyrir BTV loftnetin, m.a. gildrur fyrir 12, 17 og 60 metrana. New-Tronics Antenna Corporation hefur haft aðsetur í Texas frá árinu 1985.

ur einnig 5BTV sem er fyrir 80, 40, 20, 15, og 10 metrana og 6BTV sem er fyrir 80, 40, 30, 20, 15 og 10 metrana. Bæði þarf að staga (helst á tveimur hæðum).

Mögum þykir það kostur, sem velja 4BTV loftnetið í upphafi, að geta hvenær sem keypt viðbótargildrur fyrir eitt eða fleiri bönd, þ.e. 12, 17, 30, 60 og 80 metrana.

Þegar Hustler loftnetin voru fyrst flutt til landsins árið 1975 (af Hljóðtækni í Reykjavík) þótti mörgum kostur að 4BTV er ekki útbúið með SO-239 tengi (móttengi fyrir PL-259). Heldur er gert ráð fyrir tengingu fæðilínunnar beint við loftnetið með því að lóða hringskó á kóaxendana. Málið er, að fjölmargir radíóamatörar höfðu (og hafa) lent í vanda með stangarnet (af öðrum tegundum) sem eru búin SO-239 tengjum. Ástæðan er, að eftir því sem tíminn líður getur safnast raki í tengin sem smám saman veldur því að snertifletir tærast/kolast og samband verður lélegt. Þetta gerist þrátt fyrir vandaðar vatnsvarnir í uppsetningunni (utanfrá) þar sem raki vill safnast fyrir og þéttast neðst í loftnetsrörinu eftir að vatnsræsigöt stíflast.

DX Engineering býður gott úrval aukahluta fyrir Hustler BTV loftnetin, samanber töflu 3. Þess má geta, að DXE selja ennfremur varahluti í BTV línuna, hvort heldur er einstök álrör eða ef endurnýja þarf jafnvel loftnetsgildru (sem er fátítt).

Meðal þess sem er í boði eru DXE-TB-3P og DXE-SSVC-2P (2 stk.) sem gerir BTV loftnetin fellanleg með einu handtaki miðað við festingu á samsíða rör, samanber mynd.

Fellimöguleikinn er til mikilla þæginda þegar unnið er við uppsetningu eða eða viðhald.

Tafla 2. Stangarlofnet frá New-Tronics.

Tegund/gerð	Bönd (metrar)	Mest afl (W)	Hæð (m)	Þyngd (kg)	Innk.v. $	Innk.v. kr. [1)]
Hustler 4BTV	40-20-15-10	1000 PEP	6.60	6.6	192	25.300
Hustler 5BTV	80-40-20-15-10	1000 PEP	7.65	7.7	232	30.600
Hustler 6BTV	80-40-20-30-15-10	1000 PEP	7.32	7.5	242	31.900

[1)] Viðmiðunargengi er USD 11.3.2022; ISK 131.85.

Tafla 3. Valdir aukahlutir í boði fyrir Hustler BTV stangarloftnetin hjá DX Engineering.

Pöntunarnúmer	Aukahlutur	Innk.v. $	Innk.v. kr. [1)]
DXE-AOKB-12M	Viðbót (4BTV, 5BTV, 6BTV) fyrir 12 metra bandið (1000 PEP)	78	10.300
DXE-AOKC-17M	Viðbót (4BTV, 5BTV, 6BTV) fyrir 17 metra bandið (1000W PEP)	100	13.200
HSR-30-MTK	Viðbót (4BTV, 5BTV)) fyrir 30 metra bandið (1000W PEP)	55	7.300
DXE-AOK-60M	Viðbót (4BTV, 5BTV, 6BTV) fyrir 60 metra bandið (1000W PEP)	99	13.100
HSR-RM-80 HSR-RM-80S	Viðbót (4BTV) fyrir 80 metra bandið (400W PEP) Viðbót (4BTV) fyrir 80 metra bandið (1000 PEP)	36 69	4.700 9.100
DXE-TB-3P DXE-SSVC-2P	Hliðarplata sem gerir BTV loftnetin fellanleg með einu handtaki Festingar fyrir DXE-TP-3P fyrir 2.5-5 cm samsíða rör ($13x2)	65 26	8.600 3.400
DXE-SSVC-2P	19“ langur RG-8X kóax m/PL-259 og áfestum skinnum	48	6.300
DXE-RADP-3 DXE-RADP-1HWK	Botnplata [boruð] fyrir allt að 60 radíala Skrúfur, skinnur og rær (sett fyrir allt að 20 radíala)	80 12	10.500 1.600
DXE-RADW-20RT DXE-RADW-32RT	Tilsniðnir radíalar 20 stk. með ásettum festiskinnum (hver 6 metrar) Tilsniðnir radíalar 20 stk. með ásettum festiskinnum (hver 9,8 metrar)	80 134	10.600 17.700

[1)] Viðmiðunargengi er USD 11.3.2022; ISK 131.85

3. Enn dýrari lausnir.



SteppIR fyrirtækið í Bandaríkjunum (stofnað 2001) býður tvö [nánast] sjálfvirk stangarloftnet úr glertrefjarörum fyrir heimastöðvar radíóamatöra. Fyrirtækið býður jafnframt CrankIR stangarloftnet sem er hugsað sem ferðaloftnet og er handstillt á eitt band í einu.

SteppIR SmallIR Mark III loftnetið er úr glertrefjarörum fyrir 20, 17, 15, 12, 10 og 6 metra böndin. Það er 5.5 metrar á hæð – og þarf ekki að staga. Í fæti þess er mótordrifinn leiðari sem er fjarstýrt með stýrikapli frá fjarskiptaherbergi, þannig að lengd netsins er ¼ á öllum böndum (20-6 metrum). SDA-100 stýrikassi er innifalin í verði. Í boði er að kaupa spólukassa til að nota megi loftnetið einnig á 30, 40, 60 og 80 metrum.

Stjórnkassinn SDA 100 er innifalinn í verði með SmallIR og BigIR loftnetunum. Loftnetinu er línustýrt með kassanum og er stýrikapall lagður frá fæti loftnets inn í fjarskiptaherbergi. Hægt er að tengja stjórnkassann þannig að loftnetið fylgi sendi-/móttökustöð þegar skipt er á milli banda. Stjórnkassinn býður upp á ýmsar fleiri aðgerðir og kemur m.a. forritaður með hugbúnaði fyrir spólukassa (aukahlutur) fyrir lægri böndin (80, 60, 40 og 30 m fyrir SmallIR) og (80 og 60 m fyrir BigIR).

SteppIR BigIR stangarnetið er fyrir 40, 30, 20, 17, 15, 12, 10 og 6 metra böndin. Það er 10.05 metrar á hæð og þarf að staga (helst á tveimur hæðum). Samskonar búnaður er í fæti þess og SmallIR og fylgir einnig SDA-100 stýrikassi í verði. Í boði er að kaupa spólukassa til að nota megi loftnetið líka á 60 og 80 metrum.



Þess má geta að fyrirtækið UltraBeam Dynamic Antenna sem stofnað var á Ítalíu árið 2007 framleiddi frá þeim tíma nokkrar gerðir loftneta sem svipar til framleiðslulínu SteppIR. Fyrirtækið WiMo keypti UltraBeam í desember 2017 og flutti framleiðsluna til Þýskalands á árinu 2018. Eftir flutningana býður WiMo í dag loftnet fyrir radíóamatöra sem sumum hverjum svipar til framleiðslu SteppIR. Verðlag er samkeppnisfært. Ekki er vitað til að loftnet frá UltraBeam hafi verið keypt til Íslands, en a.m.k. tíu loftnet frá SteppIR hafa verið í notkun hér á landi.

4. Stögun.

Við uppsetningu stangarloftneta er undirstöðuatriði að ganga vel frá stögun (með örfáum undantekningum eins og fram kemur að ofan).

Mismunandi skoðanir eru um hvort nota beri þrjú eða fjögur stög og í annan stað, hvort staga ber á einni eða tveimur hæðum. Síðan eru mismunandi skoðanir á meðal radíóamatöra um gerðir stagefna, einkum hvort æskilegt sé að stagefni gefi eitthvað eftir eða alls ekki neitt. DX Engineering býður t.d. Dragon Polyester stagefni á heimasíðu sinni. Greinarhöfundur tekur ekki afstöðu en vísar á Amatörhandbókina. Aðalatriðið er að staga loftnetið strax.

Þess má geta að Amatörhandbók ARRL og loftnetabækur gefa upp formúlur, hvorutveggja hvað varðar þrjú eða fjögur stög og ennfremur þegar stagað er á tveimur hæðum. Þekkt formúla er t.d. 60% reglan, þ.e. ef loftnet er 10 metrar á hæð að staga við 6 metra hæð frá jörðu. Á meðfylgjandi mynd er þó sýnd stögun miðað við 50% af heildarlengd.



Tafla 4. Stangarlofnet frá SteppIR.

Tegund/gerð	Bönd (metrar)	Mest afl (W)	Hæð (m)	Þyngd (kg)	Innk.v. $	Innk.v. kr.[1)]
SteppIR SmallIR	20-17-15-12-10-4-6	3kW	5.49	5.4	1.567	206.000
Viðbót; spólukassi-1	40-30	1kW	-	3.2	491	65.000
Viðbót; spólukassi-2	80-60-40	300W	-	3.2	630	83.000
SteppIR BigIR	40-30-20-17-15-10-4-6	3kW / 1kW á 60m.	10.1	6.8	1.921	253.000
Viðbót; spólukassi-3	60-80	1kW á 80m.	-	3.1	537	70.000
CrankIR [2)]	80-60-40-30-20-17-15-12-10-6-4-2	1.5 kW	4.9	1.5	1.194	157.000

[1)] *Viðmiðunargengi er USD 11.3.2022; ISK 131.85.*

[2)] *Þrífótur og ferðapoki fylgja.*

5. Mótvægi.

Algengt er að framleiðendur gefi upp standbylgjuhlutfall á bilinu 1.1 til 1.5 á eigintíðni (*e. resonance*).

Grundvallaratriði til að ná góðum árangri við uppsetningu loftneta af þessari gerð er að fylgja leiðbeiningum við samsetningu þeirra og um fram allt, að nota gott mótvægi – vegna þess að flest vandamál við stillingu má rekja til ófullnægjandi jarðtengingar. Sumir hafa orðað það þannig að mótvægið sé „hinn helmingur“ loftnetsins sem er í raun hárrétt.

Algengasta uppsetning stangarloftneta hér á landi er á húsþaki. Það er til þess að fá netið sæmilega hátt yfir nærliggjandi hús og til að geta notað þakjárnið sem mótvægi. Hafa þarf í huga þegar þakjárn er gamalt að á það hefur verið bent að það kunni að myndast „díóðuverkan“ á milli þakplatnanna þannig að ekki leiði. Þegar þannig háttar getur verið réttlætanlegt að leggja út radíala líkt og gera þarf þegar ekki er leiðandi efni á þaki.

Mismunandi skoðanir eru á því hve marga radíala megi komast af með og hve langa. WiMo lætur t.d. fylgja með þriggja banda netinu GP-3 einn radíal á bandi, sem strangt til tekið á að nægja. Aðrir eru þeirrar skoðunar að tvo radíala þurfi á hverju bandi að lágmarki. Greinarhöfundur hallast að því að nota a.m.k. fjóra með þeim rökum að það tryggi jafnasta útgeislun.

Myndin sýnir leiðbeiningar frá New-Tronics fyrir Hustler BTV loftnetin hvernig leggja má á út radíala, annarsvegar þegar nægjanlegt rými er (*e. normal configuration)* og þegar það er takmarkað (*e. limited space configuration*).



SteppIR setur athyglisverðar leiðbeiningar fram um mótvægi fyrir sín stangarloftnet. Þeir fjalla reyndar ekki beinlínis um uppsetningu á þaki, en fjalla um kosti og óskosti við uppsetningu radíala sem eru lagðir á jörðina samanborið við að lyfta þeim (*e. elevated feed*).

Radíalar lagðir á jörð.

Kostir	Ókostir
» Lengd radíala skiptir ekki máli því þeir vinna á öllum tíðnum » Uppsetning er auðveld » Aðgangur er auðveldur » Uppsetning er lítið áberandi » 8-12 radíalar (m.v. lengdina m.v. lægstu tíðni) gefur 60-65% nýtni	» 120 radíala þarf á jörð þarf til að jafna 90% nýtni 2 eigintíðnistilltra radíala » Mannvirki í umhverfinu geta haft áhrif

Radíölum lyft frá jörðu.

Kostir	Ókostir
» 90% nýtni m.v. 2 radíala m.v. lengdina 0 » Loftnetið er fjær frá mannvirkjum sem geta valdið deyfingu » Staðsetning á risi húsþaks með þakjárni vinnur vel á öllum tíðnum	» Þarf tvo 0 radíala fyrir hvert band sem hafa innbyrðis áhrif (erfiðara að eigintíðnistilla) » Meiri fyrirhöfn við uppsetningu » Uppsetning er meira áberandi » Frágangur þarf að taka tillit til umhverfisins » Þarf að vera frá jörðu til að fá 50 aðlögun » Radíalar þurfa 20° halla til að fá góða aðlögun » Töluverð vinna er við að stilla lengd radíala

Samkvæmt ofangreindu er töluverð vinna að ná 90% nýtni (en þess virði) ef nota á tvo radíala miðað við uppsetningu stangarloftnets á jörð.

SteppIR birtir ennfremur áhugaverðar upplýsingar um ákjósanlegan halla og áhrif mismunandi halla (þegar 2 radíalar eru notaðir) á sýndarviðnám í fæðipunkti.



Radial Droop Angle		Antenna Impedance
0°	=	22 Ohms
10°	=	28 ohms
20°	=	35 ohms
30°	=	47 ohms
40°	=	53 ohms
50°	=	55 ohms
Note: above 50° results in diminishing returns		

6. Eigntíðnistilling.

Þegar fylgt er leiðbeiningum framleiðenda við samsetningu loftnets er eigintíðnistilling tiltölulega einföld. Hæsta band stillt fyrst, þ.e. 10 metrar, síðan 15 metrar o.s.frv. Margir velja að eigintíðnistilla á mitt band, en annars að eigintíðnistilla í samræmi við hvort mest er unnið á morsi/stafrænum mótunum eða á tali.

Í töflu 5 má sjá hvaða bandbreiddar má vænta miðað við standbylgjuhlutföllin: 1.5:1, 1.3:1 og 1.15:1. Þessar upplýsingar eru sýndar hér, vegna þess að flestar sendi- /móttökustöðvar radíóamatöra í dag eru með transistorútgang sem getur verið viðkvæmur fyrir frávikum í loftnetsálagi (sérstaklega eldri stöðvar með transistorútgang). Ef hægt er að komast hjá að nota loftnetsaðlögunarrás (hvort heldur hún er innbyggð eða utanáliggjandi) þá er það kostur vegna taps sem er óumflýjanlegt í slíkum búnaði. Sér í lagi getur skipt máli að standbylgjuhlutfall sé lágt þegar menn nota RF magnara með transistorúrgang, þar sem flest slík tæki draga niður í afli strax og standbylgjuhlutfall fer yfir 1.3:1.

Afar nytsamlegt er að hafa loftnetsgreini við höndina þegar loftnet er eigintíðnistillt. Félagsmönnum ÍRA stendur til boða að fá lánaðan MFJ loftnetsgreini hjá félaginu sem vinnur í HF/VHF/UHF tíðnisviðunum. Lánstími er vika í senn.

7. RF vandræði.

Alltaf er hvimleitt þegar upp kemur sá vandi að fæðilína geislar út. Það hefur í för með sér töp, eykur truflanahættu og getur valdið vandamálum í fjarskiptaherberginu. Lághleypisíur (*e. low-pass filters*) hjálpa ekkert við slíkar aðstæður. Oftast er þetta þó ekki vandamál ef farið er eftir leiðbeiningum við uppsetningu loftnets og mótvægi er í lagi.

New-Tronics mælir með að vefja kóax upp í rúllu þessu til varnar og búa til „RF choke“ (sbr. mynd) og setja inn í fæðilínuna nærri fæðingu loftnetsins (og ef hægt er, setja aðra nærri sendi).

Uppskrift er eftirfarandi: Kapallinn er undinn upp í u.þ.b. 10 hringi með þvermáli nálægt 15cm og þess gætt að hringirnir leggist ekki hver yfir annan. Fyrir þá sem síður kjósa að búa sjálfir til slíka „current choke“ þá er úrval slíkra aukahluta fáanlegt frá ýmsum framleiðendum. Verðmunur er þó „heimasmíðuðu“ útgáfunni í hag.



8. Umsagnir á eHam og vefslóðir.

Á vefsíðunni www.eHam.net má sjá einkunn og umsagnir radíóamatöra um loftnetin í þessari umfjöllun, samanber töflu 6.

Tafla 5. Bandbreidd á eigintíðni (e. resonance) m.v. mismunandi standbylgjuhlutfall.

Band í m	Bandbreidd VSWR =1,5 (kHz)	Bandbreidd VSWR =1,3 (kHz)	Bandbreidd VSWR =1,15 (kHz)
10	1700	1300	1000
15	325	250	150
17	150	100	80
20	315	260	190
30	215	100	80
60	200	100	75

Tafla 6. Umsagnir á www.Eham.net .

Tegund	Gerð	Einkunn á Eham	Fjöldi umsagna	
WiMo	GP-3	4.0	1	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=14792
MFJ	40M HamStick	4.5	14	https://www.ebay.com/urw/Mfj-1640t-40-Meter-HF-HAMSTICK-Style-Mobile-Antenna/product-reviews/1742497499
New-Tronics	Hustler 4BTV	4.8	112	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=1285
New-Tronics	Hustler 5BTV	4.6	146	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=1902
New-Tronics	Hustler 6BTV	4.6	157	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=248
SteppIR	SmallIR	5.0	9	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=2919
SteppIR	BigIR	4.6	60	https://www.eham.net/reviews/view-product?id=3615

Aðrar vefslóðir.

Vefslóð á leiðbeiningar með WiMo HF loftnetum:
https://manualzz.com/doc/en/9637387/gp-3-instructions

Vefslóð á leiðbeiningar með HamStick bílloftnetum:
http://mirradio.ru/manual/MFJ-26xxT.pdf

Vefslóð á leiðbeiningar með Hustler HF loftnetum:
http://www.new-tronics.com/main/manual/4btv.pdf

Vefslóð á leiðbeiningar með SteppIR SmallIR:
https://consumer.steppir.com/wp-content/uploads/2020/04/SmallIR-Manual-Rev-2.1-04_15_2020.pdf

Vefslóð á leiðbeiningar með SteppIR BigIR:
https://consumer.steppir.com/wp-content/uploads/2020/04/BigIR-Mark-IV-Manual-Rev-4.5-04_15_2020.pdf

Vefslóð á afar fróðlegan bækling frá DX Engineering um Hustler stangarloftnetin (60 bls.):
http://www.radiomanual.info/schemi/ACC_antenna/Hustler_4-BTV_5-BTV_6-BTV_new_version_user.pdf?fbclid=IwAR0jh8F77IYl_tr-361HxbVtwhZGaTRG1NWTFsMtNq2yXLpfyXBXT9Z7Qew

Eftirskrift.

Uppgefið verð í þessari umfjöllun miðast við innkaupsverð 11.3.2022. Ástæða þess að ekki er gefið upp verð með öllum gjöldum til Íslands er að sjaldnast er pantað loftnetið eitt og sér. Flestir panta um leið aukahluti og jafnvel fleira hjá söluaðilum. Flutningskostnaður getur því verið mjög mismunandi enda oft hægt að velja tímafrekari flutningsleiðir gegn lægra gjaldi.

73, TF3JB.

FT8 samskiptareglurnar 5 ára

Á árinu 2022 verða liðin fimm ár frá því Joe Taylor, K1JT og Steve Franke, K9AN kynntu FT8 samskiptaháttinn til sögunnar, þann 28. júní 2017. Þrátt fyrir að aðeins væri um fyrstu frumútgáfu að ræða varð FT8 strax vinsælt. Mánuðina á eftir voru kynntar uppfærslur sem gerðu mótunina enn vinsælli. Í raun er þó ekki um eiginlega mótunaraðferð að ræða, heldur samskiptareglur undir MFSK mótun. Á FT8 er sendir 8 tónar og er heildarbandbreiddin 50 Hz. Síðar kom til FT4 sem eru hliðstæðar reglur, nema að sendir eru 4 tónar í tíðnihliðrunarlyklun og er heildarbandbreidd sendingarinnar 90Hz.



Nokkrir einkennandi þættir fyrir FT8 og FT4:

- Sendingar standa alltaf yfir í fastsettan ákveðinn tíma.
- Fyrirfram er ákveðið að miklu leyti hvað fram fer í sendingunni.
- Afar öflug villuleiðrétting á sér stað í móttökunni.
- Hver sendilota er 15 sekúndur á FT8; en 6 sekúndur á FT4.
- FT8 getur unnið með merki allt niður í -27 dB en FT4 með merki niður í -22 dB.
- Þetta er hægt m.a. með síunartækni þar sem kassabylgjuformið er rúnnað af til að eyða smellum, rétt eins og í morsi.

Stafrænar tegundir útgeislunar hafa í raun gert radíóamatörum með tiltölulega einfaldan loftnetsbúnað og lítið afl kleift að vinna með merki í DX sem eru allt að -27 dB undir suði miðað við 90 Hz heildarbandbreidd. Á FT8 er þannig unnt að nema merki sem eru svo dauf að þau heyrast ekki í hátalara.

73, TF3JB

Tæknimál

Kristján Benediktsson, TF3KB

Frá því að menn tóku að fást við rafeindir og rafsegulbylgjur eru þeir orðnir margir einstaklingarnir um allan heim, sem hafa um lengri eða skemmri tíma beitt sér á sviði radíó- og rafeindatækni, bæði sem áhugamenn og/eða atvinnumenn. Það fer því ekki á milli mála að margar snjallar uppfinningar og hugmyndir hafa séð dagsins ljós og jafnframt hlotið ólík örlög. Detti einhverjum eitthvað snjallt í hug er eins víst að einhverjum öðrum hafi dottið áður hið sama í hug. Fátt er svo með öllu nýtt, að ekki byggi á eldri hugmyndum. Hugmyndir falla í gleymsku, eru erfiðar í framkvæmd eða óframkvæmanlegar. Þær eru svo e.t.v. endurupp-götvaðar seinna eða grafnar úr gleymsku, þegar verkleg tækni er betur í stakk búin að nýta þær. Hugmyndir eða aðferðir geta líka komist í tísku og tollað í henni þótt til séu aðrar og jafnvel betri. Um auðugan garð er að gresja, þegar saman er komið allt, sem hugsað og reynt hefur verið.

Radíóamatörar, sem rækta vilja garðinn sinn í tæknilegum efnum hafa því af miklu að taka við lausn hinna ýmsu viðfangsefna. Krossvíxlun eigin hugmynda og annarra getur oft leitt af sér eitthvað nýtt. Dálki þessum er ætlað að vera miðill fyrir ýmsar tæknilegar upplýsingar og hugmyndir sem snerta amatörradíó, og láta sér í raun ekkert óviðkomandi í þeim efnum. Taka fyrir hluti, sem eru ekki það viðamiklir að þeir réttlæti sérstaka grein í blaðinu.

Hefur þú lesandi góður prófað eitthvað nýtt, láttu þá frá þér heyra svo að aðrir geti notið góðs af reynslu þinni. Hefur þú rekist á eitthvað sniðugt, sendu þá línu og tilgreindu heimild. Hefur þér dottið eitthvað í hug en sérð þig ekki í stakk búinn að prófa sjálfur, segðu þá frá því. E.t.v. getur einhver annar komið því í framkvæmd.

(Frá ritstjóra: Þessi áhugaverða grein birtist áður í 1. tbl. CQ TF í febrúar 1983. Það skemmtilega er, að flest á fyllilega við í dag, tæpum 40 árum síðar.

Texti er óbreyttur en bætt hefur verið við nokkrum myndum).

Fasaðir vertíkalar.

Nokkrir íslenskir radíóamatörar hafa orðið til þess á undanförnum árum að prófa fasaða vertíkala. Þeir hafa alltaf talsvert aðdráttarafl eins og veðráttu okkar er háttað. Þeir hafa stefnuverkun og jafnframt núll í ákveðnar áttir.

Árið 1937 skrifaði G. H. Brown, sem þá starfaði hjá RCA, grein í Proceedings of IRE, sem löngu er orðin klassísk tilvitnun í þessum efnum. Í greininni er mynd sem gefur gott yfirlit yfir stefnuvirknina eftir því hver fasamunurinn er og fjarlægðin milli vertíkalanna og er myndin birt hér fyrir aftan.

Með aðstoð myndarinnar er fljótlegt að sjá hvaða möguleikar eru fyrir hendi og jafnframt sjá hvernig stefnuvirknin er á öðrum böndum, ef um fjölbönd-unga er að ræða. Algengast er að fasamunurinn sé fenginn fram með mislöngum fæðilínum og ræður lengdarmunurinn þá fasamuninum eins og sýnt er hér.



Ekki má gleyma hraðastuðlinum í fæðilínunni þegar lengd hennar er reiknuð. Fasamuninn má einnig fá fram með stillanlegum LC rásum.

Gert er ráð fyrir að jafnmikið afl fari út í bæði netin. Sé svo ekki breytist stefnuvirknin frá því sem sýnt er. Hafi menn áhuga á færanlegu núlli í stefnumyndinni getur slíkt verið kostur. Mælt í bylgjulengdum fer fasamunurinn á (alfa) milli hinna fösuðu vertíkala eftir lengdarmuninum L, bylgjulengdinni (lambda) og hraðastuðli kapalsins V_p þannig:

$$V_p \frac{L}{}$$


S = 1/8λ
S = 1/4λ
S = 3/8λ
S = 1/2λ
1/8λ
1/4λ
3/8λ
1/2λ
G = 0.3 dB
G = 1.1 dB
G = 2.4 dB
G = 3.8 dB
G = 0.9 dB
G = 1.6 dB
G = 2.5 dB
G = 3.6 dB
G = 2.3 dB
G = 3.1 dB
G = 3.0 dB
G = 3.0 dB
G = 4.2 dB
G = 4.5 dB
G = 3.6 dB
G = 2.5 dB
G = 3.8 dB
G = 3.6 dB
G = 3.1 dB
G = 2.3 dB


S = 5/8λ
S = 3/4λ
S = 7/8λ
S = 1λ
G = 4.8 dB
G = 4.6 dB
G = 3.7 dB
G = 2.8 dB
G = 4.2 dB
G = 4.1 dB
G = 3.5 dB
G = 2.8 dB
G = 3.0 dB
G = 3.0 dB
G = 3.0 dB
G = 3.0 dB
G = 2.1 dB
G = 2.2 dB
G = 2.6 dB
G = 3.2 dB
G = 1.8 dB
G = 1.8 dB
G = 2.4 dB
G = 3.3 dB

Skarðsía.

Skarð er fyrir skildi sögðu forfeður vorir og varð svo oft þegar síst skyldi. Skarðsían gerir hinsvegar skarð (e. notch) í tíðnisvörunina þar sem helst skyldi og getur oft þurrkað út truflun, sem annars hefði eyðilagt móttökuna. Skarðsían dugar best gegn bandþröngum truflunum eins og burðarbylgjum, morsi og RTTY. Gegn bandbreiðum truflunum eins og SSB og „rússnesku spætunni“ segja bækur hinsvegar að önnur ráð verði að koma til. Skarðsían, sem hér fylgir teikning



af, er í Atlas 350-XL. Einn þeirra Íslendinga, sem eiga þetta tæki, segir skarðsíuna svo frábæra, að þegar tveir séu að tala í einu á SSB á sömu tíðni, þá geti hún þurrkað annan þeirra út, hvorn, það fylgdi ekki sögunni. Jafnvel spætan má fara að vara sig, þegar kveikt er á síunni.

Nú er tíðniinnihald mannsraddarinnar mismunandi eftir einstaklingum og ákveðnar tíðnir tíðari en aðrar. Hvað spætan gerir í þessum efnum skal ósagt látið.

Ef til vill hefur hönnuðum Atlas 350-XL tekist að búa til skarðsíu með þá skarðbreidd og dreifingu sem á vel við í þessum efnum. Það skyldi þó aldrei vera.

Radíóamatörar og eiturefni.



Enska skammstöfunin PCB stendur ekki aðeins fyrir „printed circuit board” heldur einnig fyrir „polychlorinated biphenyls”. Þessi efnasambönd voru notuð frá 1930 og fram á síðasta ártug sem spennaolía. Olían var einnig notuð á þétta og annað sem með þurfti. Það var ekki fyrr en 1966 að menn urðu varir við heilsuskemmandi áhrif efnisins og hefur það oft borist í fæðu með hörmulegum afleiðingum. Japanir, Svíar og Bandaríkjamenn hafa bannað notkun efnisins nema í undantekningartilvikum og hafa aðrar olíur tekið við hlutverki þess, t.d. silíkon olíur. PCB getur komist inn í líkamann í gegnum órofna húð og sest þar að, en brotnar ekki niður. Það er talið orsaka m.a. húðsjúkdóma og lifrarskemmdir, jafnvel krabbamein í lifur. Ofantaldar upplýsingar eru fengnar frá Pat Hawker, G3VA, í Technical Topics í Rad. Comm. mars 1977 og júlí 1981. Þar segir einnig að notkun efnisins hafi ekki verið hætt hjá breskum fyrirtækjum fyrr en 1977. Í þeim tilgangi að athuga hvert amatörar gætu snúið sér ef þeir væru í vafa um hverskonar olíu þeir hefðu undir höndum og hvort þeir gætu losað sig við hana var haft samband við Þorkel Jóhannesson formann eiturefnanefndar. Hann sagði að PCB væri sérstakt því leyti, að það væri með óforgengilegri lífrænum efnum sem þekktust. Það væri mjög erfitt að brjóta efnið niður og því erfitt að gera það skaðlaust. Helmingunartíma efnisins í mannslíkamanum kvað hann vera 30 ár. Bráð eituráhrif eru lítil að hans sögn, þeirra gætti frekar á löngum tíma.

Enginn aðili hér er skyldugur að taka við þessum efnum og vilji maður vita vissu sína um óþekkta olíu tekur Iðntæknistofnun að sér efnagreiningu gegn greiðslu. Eiturefnanefnd er aðeins ráðgefandi aðili. Það er því ekki hægt annað en hvetja menn til varúðar við meðhöndlun og losun á spennum, þéttum og öðru sem inniheldur olíu, nema það sé alveg öruggt að hún sé laus við PCB.

Pat Hawker, G3VA, segir frá aðferð sem Brian Castle, G4DYF, hafði eftir efnafræðingi: „Hitaðu venjulegan koparvír í gasloga þangað til öll óhreinindi eru brunnin og loginn er hreinn. Láttu svo vírinn kólna. Dýfðu honum þá í olíuna og settu hann aftur í gaslogann. Ef loginn verður gulur er þetta venjuleg olía. Ef hann verður skærgrænn er PCB sennilega til staðar. Þetta er ekki 100% öruggt, en ef loginn verður

skærgrænn er skynsamlegast að gera ráð fyrir PCB og bregðast við skv. því: „Better safe than sorry."

Af öðrum eiturefnum, sem Pat Hawker, G3VA, hefur nefnt í dálki sínum má nefna „Chlorinated napthalenes" sem eru álíka hættuleg og PCB. Þetta eru vaxefni sem hafa verið notuð í litla pappírsþétta. Berylliumoxíð er stundum notað í einangrara í afl-transistora og mun vera mjög eitrað. Í TT, nóvember 1979, minnist hann á gufu þá sem stígur upp, þegar menn eru að lóða og mælir með því að menn hafi góða loftræstingu því tæpur fjórðungur fólks fái ofnæmis- og astmaeinkenni af henni. Sjálflýsandi málning, sem stundum er notuð í mæliskífur er geislavirk og því stórhættuleg ef hún kemst inn í líkamann af vangá. Það væri helst að menn rækjust á slíkt í gömlum tækjum úr Sölunefndinni. Málningin vill flagna og gerir það hana varasamari en ella. Ef átt er við mæla af þessu tagi er gott að gera það í vaski úr ryðfríu stáli og þvo hendurnar vel á eftir.

Hreinsiefni ýmiskonar eru oft varasöm, einkum ef þau innihalda tetraklór, sem er orðið fátítt nú orðið. Ekki var ætlunin með þessari umfjöllun um eiturefni að vera með neinskonar dómsdagsprédikun. Hinu er ekki að neita, að stundum vill gæta hugsunarleysis, gáleysis eða jafnvel kokhreysti í þessum efnum. Einhvern veginn er skemmtilegra að hugsa sér amatöra í loftinu heldur niðri í jörðunni.

Amma Dreki og DX-INN.

Þeir tvíburarnir Jón Oddur og Jón Bjarni kölluðu ekki allt ömmu sína, en ömmu sína kölluðu þeir Ömmu Dreka af því að hún var erindreki. Gamla konan sótti mikla visku í almanak Þjóðvinafélagsins og gætu fleiri farið að dæmi hennar, þar á meðal radíóamatörar. Töflur um flóð og fjöru eru nytsamlegar ef loftnetið er við sjóinn. Þá er hæðin yfir sjó og þar með lóðrétt stefnuvirkni alltaf að breytast.



Töflur yfir tunglið og loftsteina er einnig að finna í almanakinu og eru þær að sjálfsögðu ómissandi fyrir MS og EME áhugamenn.

Stundum getur mönnum tafist að finna rétt norður á loftnetsstað. Jafnvel áttavitar geta brugðist. Þá er ekki annað en að gá í almanakið að því, hvenær sól er í hásuðri og vona að upp stytti þann daginn og helst þaðan af betur. Hádegi telst vera þegar sól er hæst á lofti og í hásuðri. Í Reykjavík er það einhvern tíma milli kl. 13.11 og 13.42 eftir tíma árs. Skíni sól á hádegi, þá bendir skugginn af lóðréttri stöng eða turni

í rétt norður. Gamla sólúrið í nýju hlutverki og þá er ekki annað en taka mið af kennileitum, setja merki á rétta staði eða annað viðeigandi.

Talsvert hefur verið rætt um grálínu DX (greyline DX) á 3,5 MHz í erlendum blöðum á undanförnum árum. Lítið hefur þó frést af því að íslenskir radíóamatörar könnuðu fyrirbærið náið, þótt til séu þeir sem telja sig hafa orðið vara við það. Kenningin er sú að radíóbylgjur á 3,5 MHz berist auðveldlega eftir gráu línunni svokölluðu, sem er sá stórbaugur á jörðunni, sem markar skil dags og nætur hverju sinni. Yfirleitt standa skilyrði þessi stutta stund í einu. Forsenda sambands með þessari tegund útbreiðslu er að báðar stöðvar séu á mörkum dags og nætur samtímis. Þetta gerist í kringum sólarupprás og sólarlag. Töflur yfir það eru að sjálfsögðu í almanakinu. Þar sem gráa línan er stórbaugur er hún að sjálfsögðu bein lína gegnum Ísland á stórbaugskorti, sem hefur Ísland í miðju. Þannig kort er því tilvalið til að sjá hvert sambönd ættu að nást. Stefna línunnar gegnum landið fer eftir árstíma og ætti því að nást samband við mismunandi staði á mismunandi tímum árs. Til að finna stefnu línunnar má athuga í hvaða átt sólin kemur upp. Gráa línan ætti að vera hornrétt þar á. Vegna þess hve norðarlega við erum, spannar stefna sólarupprásar og sólarlags stórt horn yfir árið og gráa línan að sama skapi.

Ugglaust eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar um þetta geymdar í radíódagbókum íslenskra radíóamatöra. Væri fróðlegt ef menn vildu kanna þetta og senda undirrituðum lista yfir dagbókarfærslur sjaldgæfra sambanda á 80 metrum. Um vetrar- og sumarsólstöður er sólin hjá okkur hlutfallslega lengur nálægt sjóndeildarhring en í löndum sem sunnar liggja. Þetta gæti e.t.v. haft í för með sér að við nytum þessara skilyrða lengur en þeir sem sunnar eru og gætum svo að segja tínt upp hvert landssvæðið af öðru meðan þetta stæði yfir. Fróðlegt væri ef einhver merki fyndust um þetta í radíódagbókum. Ef rétt er, ætti þetta að koma helst fyrir í desember og janúar kl. 10.00–12.00 GMT og e.t.v. einnig í júní og júlí kl. 03.00–05.00 GMT. Í báðum tilvikum væri vert að athuga Ameríkusambönd sérstaklega með þetta í huga.

Ferðasaga í myndum

Arngrímur Jóhannesson, TF5AD

Arngrímur Jóhannesson, TF5AD fór í 19 daga ævintýrasiglingu yfir jól og áramót hinum megin á hnettinum. Um var að ræða 19 daga siglingu sem lauk 6. janúar. Skipið lagði upp frá Ushuia í Argentínu og sigldi þaðan til Suður-Shetlandseyja, Suðurskautslandsins, Suður-Georgíueyja, Falklandseyja og aftur til heimahafnar í Argentínu.

Ferðaleiðin er sýnd á kortinu að ofan.

Arngrímur sendi CQ TF tölvupóst með myndum úr ferðinni og lét fylgja að hann yrði glaður ef menn hefðu gaman af smá ferðasögu í myndum um Suðurskautslandið og síðan um "South Georgia" og svo Falklandseyjar. Hann segir sjálfur þannig frá: „Ég var þarna um borð i skipi frá Albatross félaginu sem er nefnt Ocean Victory og upplifði tíma lífs míns

Ocean Victory er sérstaklega styrkt til siglinga í þessum heimshluta. Öll þjónusta er um borð og skipið er búið 93 rúmgóðum káetum.

Farið í land á Suður-Georgíueyjum.

plús það að þetta var „síðasta" heimsálfan sem ég átti eftir að ferðast til. Skipið lagðist hvergi að svo við fórum á „Zodiac bátum" í land". Arngrímur nefndi líka að það hefði verið gaman að geta „tekið í lykil" og farið í loftið í ferðinni en aðstæður hafi ekki verið til þess.

Mikið dýralíf var við S-Shetlandseyjar og selirnir gæfir.

Arngrímur kominn í land á ísinn á Suðurskauts-landinu.



Amatör radió á sér langa sögu á Falklandseyjum.

Annars segist Arngrímur áforma að koma upp loftneti á Akureyri í vor og verður klár í loftið á morsi í byrjun sumars. Í því sambandi segist hann taka vel á móti gestum sem væru til að hjálpa til við að koma stöðinni upp. En hann hefur m.a. fest kaup á nýrri Icom IC-7300 stöð og öðrum búnaði.

Við bjóðum TF5AD velkominn í loftið á ný.

Eldri tækjum úr sögu fjarskipta á Falklandseyjum eru gerð ágæt skil á History Dockyard Museum.

Safnið hefur sérstakt kallmerki VP8HDM sem radióamatörar á staðnum virkja reglulega.

Amatör radíói eru gerð ágæt skil í History Dockyard Musem í bænum Stanley á Falklandseyjum. M.a. eru þessi QSL kort til sýnis. Vefslóð á safnið: http://www.falklands-museum.com/

Félagsmerki í fjörutíu ár

Jónas Bjarnason, TF3JB

„Félagsmerkið hefur nú verið teiknað upp á nýtt.“

Þessa frétt mátti lesa í CQ TF de ÍRA – 16. árg. 1981, 1. tbl.

FRÉTTIR

Það var Kristján Benediktsson, TF3KB, sem vann verkefnið sem átti sér nokkurn aðdraganda.

Um nokkurra ára skeið fyrir þennan tíma (árið 1981) eða allt frá 30 ára afmælisári félagsins (1976) hafði verið nokkur umræða á meðal félagsmanna ÍRA um þörfina á nýju félagsmerki. Guðjón Einarsson, heitinn, TF3AC sem lengi var QSL stjóri félagsins og löngu kunnur fyrir góða framgöngu í mörgum „þjóðþrifamálum“ innan félagsins, beitti sér talsvert fyrir framgangi málsins. Naut félagið þar, afburða smekks hans og faglegrar þekkingar, ekki síst hvað varðar prentgripi, enda hafði Guðjón meistarabréf í prentiðn.

Guðjón Einarsson, TF3AC, sem lengi var QSL stjóri ÍRA.

Kristján, TF3KB sem hafði lært tækniteiknun og hafði yfir að ráða bestu teiknivél og búnaði þess tíma, tók að sér að vinna verkið. Hann sagði að það hafi hann gert út frá hugmyndum og ábendingum innan félagsins um útfærslu merkisins. Jafnframt hafi verið lögð áhersla á að merkið yrði í samræmi við ríkjandi hefðir meðal amatörfélaga um tígullaga merki. Topphornið er t.d. 51 gráða, sem er svipað og í danska og breska merkinu en heldur stærra en í því bandaríska.

Kristján Benediktsson, TF3KB.

Kristján vann merkið í tveimur útgáfum, með dökkan og ljósan grunn sem sjá má á klippu af blaðsíðu 3 í janúarhefti 1. tbl. CQ TF de ÍRA árið 1981. Merkið með dökka grunninn er hefðbundnara og formlegra, svipað og gerist annars staðar. Hin útgáfan, ljósa merkið, er negatíf útgáfa þess dökka, með léttara yfirbragði. Merkið með ljósa grunninum má t.d. sjá á gólffána félagsins sem stendur í fundarsal á aðalfundum ÍRA.

Þess má geta að Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, tók frumgerð merkisins, sem er á filmu, og gerði eftir henni stafræna línuútgáfu um 1998, en hann vann við bókaútgáfu á þeim tíma og hafði því aðgang að tækjum og forritum til þess, auk þekkingar á verkefninu. Það skiptir ekki máli þegar sú gerð er notuð hve merkið er stórt eða smátt, það verður alltaf jafn skarpt í prentun og án skörðóttra brúna.

Merkið er tiltækt félagsmönnum á vef ÍRA og eru þeir hvattir til að nýta sér það á QSL kort, vefsíður og annars staðar þar sem við á. Nokkur snið eru í boði, og fer það eftir því til hvers á að nota merkið hvað hentar. Nánari skýringar eru á vefsvæði ÍRA http://www.ira.is/merki-ira/

Undirrituðum fannst ástæða til að rifja upp og kynna söguna að baki félagsmerkinu okkar í stuttu máli og þakka um leið Kristjáni Benediktssyni, TF3KB fyrir vel heppnað og vandað verkefni.

Jónas Bjarnason, TF3JB.

DX sambönd og öflun staðfestinga

Jónas Bjarnason, TF3JB

Hversu margir kannast ekki við að hafa náð sambandi við sjaldgæfa DX stöð sem síðan hefur reynst erfitt að fá staðfest? Líklega geta flestir svarað því játandi sem eitthvað eru virkir á böndunum.

DX sambönd.

Oft sækjast menn eftir að fá sambönd staðfest vegna þess að þau eru lykillinn að því að geta sótt um DX viðurkenningar sem eru viðmið um árangur, getu og færni í fjarskiptum. Þess utan er innbyggt í okkur að keppa og ná árangri. M.a. þess vegna taka radíóamatörar þátt í keppnum, þar á meðal í alþjóðlegum keppnum þar sem radíóamatörar um allan heim keppa sín á milli. Gott dæmi er t.d. CQ World Wide keppnirnar sem eru haldnar árlega á morsi, tali og fjarritun (RTTY).

Lakovos Kutlumusian SV2RSG er eini radíóamatörinn á Athos fjalli í Grikklandi, sem er afar eftirsótt DXCC eining. Hann er munkur í Koutloumousiou klaustrinu. QSL manager er SV1RP.

En hvar nær maður DX'inum? Ingi Sveinsson, TF3SV svaraði því eftirminnilega í viðtali í CQ TF fyrir nær hálfri öld þegar hann sagði það byggjast á því að: „Hlusta, hlusta, hlusta". Og það er svo sannarlega í fullu gildi enn þann dag í dag, enda kemst samband ekki á nema DX merki heyrist og sé læsilegt hjá báðum. Eðlilega er margt hægt að gera til að auka möguleikana. Nærtæk lausn er að koma sér upp betra lofneti og RF magnari hjálpar vissulega.

Netið er jafnframt mikilvægur miðill DX upplýsinga vegna þess að þar má gjarnan fá upplýsingar um hvar og hvenær DX-leiðangrar og sjaldgæfar DX stöðvar áforma að vera virkar. Máttur netsins er því mikill, sem fellst einkum í því hve ört upplýsingar eru uppfærðar. Stundum liggja upplýsingar þó ekki á lausu fyrirfram, en þá kemur netið einnig inn til hjálpar, því upplýsingar eru gjarnan birtar á rauntíma á þyrpingu (*e. cluster*).

Öflun staðfestinga.

Grundvallarforsenda þess að hægt sé að afla staðfestingar, er að samband sé örugglega í dagbók DX stöðvar. Margt getur valdið óöryggi um að samband hafi ekki loggast. Til dæmis þegar skilyrði eru „á mörkunum", auk þess sem QSB, QRM, QRN geta gert viðtöku erfiða. Á morsi og tali geta góð heyrnartól skipt sköpum samhliða því að nýta möguleika viðtækis stöðvarinnar. Þar getur einföld aðgerð líkt og að stilla næmni niður á „RF gain" borgað sig. Sem betur fer týnast loggar sjaldan, en það kemur fyrir að skrár glatast t.d. þegar tölvur „krassa". Ekki eyða tíma, orku og fjármunum í að sækjast eftir staðfestingu sem ekki er í logg. Og því síður er ráð að senda tölvupósta og áfellast DX stöð.



Flestir radíóamatörar nota í dag rafrænar radíódagbækur (logga). Myndin er úr HRD dagbók höfundar.

Þegar menn eru óþolinmóðir er hægt að beita mismunandi aðferðum við að afla staðfestinga. Regla númer eitt er að gera eins og Þjóðverjar, sem er að sækjast eftir staðfestingu sem fyrst. Undirritaður hefur t.d. oft gert ferð í pósthús með „direct" kort samdægurs eftir að hafa náð sambandi við sjaldgæft land, þegar viðkomandi er ekki á LoTW. Yfirleitt má gera



25 Records Shown (26-50)
Sorted by QSL Date (0.014689 seconds elapsed)

Prev Next

	Call sign	Worked	Date/Time	Band	Mode	Freq	QSL
Details	TF3JB	YV7RCV	2021-08-01 00:18:00	20M	FT8	14.07653	VENEZUELA
Details	TF3JB	SN1A	2020-04-17 19:40:07	30M	FT8	10.13600	POLAND
Details	TF3JB	VP8ADR	2022-03-09 09:23:00	20M	FT8	14.07644	FALKLAND ISLANDS
Details	TF3JB	F6BKT	2020-02-14 14:14:32	17M	FT8	18.10000	FRANCE
Details	TF3JB	T42CT	2022-03-09 21:13:00	20M	FT8	14.07632	CUBA
Details	TF2JB	PP5BK	2011-08-30 20:49:38	17M	CW		BRAZIL
Details	TF3JB	PP5BK	2011-08-30 20:49:38	17M	CW		BRAZIL
Details	TF3JB	EI4HH	2022-03-13 23:17:00	20M	FT8	14.07655	IRELAND
Details	TF3JB	W3YNI	2022-02-10 16:22:10	10M	FT8	28.07400	UNITED STATES OF AMERICA
Details	TF3JB	KG6SFT	2021-08-31 21:56:00	20M	FT8	14.07645	UNITED STATES OF AMERICA
Details	TF3JB	K1EO	2017-04-28 00:34:14	20M	CW	14.00000	UNITED STATES OF AMERICA
Details	TF3JB	N1ACM	2022-03-13 23:23:00	20M	FT8	14.07640	UNITED STATES OF AMERICA
Details	TF3JB	ZC4GR	2022-03-09 19:10:00	30M	FT8	10.13822	U K BASES ON CYPRUS
Details	TF3JB	IK6SNR	2022-03-09 20:42:00	30M	FT8	10.13786	ITALY
Details	TF3JB	EA4HKV	2022-02-26 16:25:00	30M	FT8	10.13686	SPAIN
Details	TF3JB	PY5WW	2022-03-13 10:01:00	20M	FT8	14.07628	BRAZIL
Details	TF3JB	V51LZ	2022-03-11 18:59:44	20M	FT8	14.07560	NAMIBIA
Details	TF3JB	TM1CY	2022-03-13 10:03:00	20M	FT8	14.07628	FRANCE
Details	TF3JB	DK9BM	2021-04-11 19:50:00	30M	FT8	10.13860	FEDERAL REPUBLIC OF GERMANY
Details	TF3JB	F5ICC	2022-03-05 09:48:00	30M	FT8	10.13849	FRANCE
Details	TF3JB	UR7MA	2021-10-25 12:08:00	10M	FT8	28.07611	UKRAINE
Details	TF3JB	M0TLJ	2022-03-11 19:28:00	30M	FT8	10.13656	ENGLAND
Details	TF3JB	CO2RSV	2022-03-12 12:44:00	20M	FT8	14.07522	CUBA
Details	TF3JB	BG5TOX	2022-03-11 17:37:00	20M	FT8	14.07645	CHINA
Details	TF3JB	A65DR	2022-02-27 18:55:00	30M	FT8	10.13847	UNITED ARAB EMIRATES

Prev Next

Most recent QSO record received 2022-03-17 00:14:18Z

Aðild að Logbook of The World er ókeypis. Myndin er af LoTW síðu höfundar.

ráð fyrir að staðfesting fáist frá DX-leiðangri. Í slíkum tilvikum getur borgað sig að styrkja leiðangurinn (kannski um 5 dollara) því stuðningsaðilum er gjarnan boðið að fá staðfestingar afgreiddar á undan öðrum, auk þess sem innsetning fylgir oft á LoTW. Loks er ágætt að hafa í huga OQRS möguleikann sem oftast virkar vel.

Almennt séð má gera ráð fyrir að QSL kort eða rafrænar staðfestingar séu nokkuð öruggar í hendi. Hefðbundnu leiðirnar til að afla staðfestinga eru fimm:

- LoTW – Ódýrast, en þarf ekki að vera fljótvirk/fljótvirkast.
- „Direct“ – Yfirleitt þokkalega fljótvirkt (en aldrei er hægt að vera viss...).
- OQRS – Yfirleitt fljótvirkt, um 2 vikur (en getur klikkað).
- QSL Manager – Nokkuð öruggt (þegar/eftir að hann fær logga í hendur).
- QSL Bureau – Ódýrt, en tekur tíma.

Muna að hafa til hliðsjónar leiðbeiningar á QRZ síðu DX-stöðvarinnar.

Rafrænar og/eða pappírsstaðfestingar?

LoTW (Logbook of The World) eru rafrænar staðfestingar. Einnig svokallaðar „eQSL“ staðfestingar. En eins og einhver sagði: „Maður setur ekki LoTW staðfestinguna í möppu eða upp á vegg“ þannig að QSL kort á pappír hafa sitt gildi. LoTW staðfestingar gilda fyrir allar helstu DX viðurkenningar radíóamatöra, en eQSL fyrir fáar. Það þekkist að menn vilji ekki pappírskort. Ef það kemur fram á QRZ síðu viðkomandi borgar sig ekki að senda pappír til viðkomandi.

QSL kortið.

Langflestir virkir radíóamatörar eiga og nota QSL kort. Afar mismunandi skoðanir eru um útlit og uppsetningu. Sumir telja að „flott“ litprentað QSL kort (báðum megin) auki á svarvilja DX stöðvar. Eitthvað kann að vera hæft í því en mestu máli skiptir að kort sé rétt útfyllt og að vafi leiki ekki á skráðum upplýsingum (þ.e. nota góðan penna og skrifa greinilega ef handskrifað er). Forðist að senda kort með leiðréttingu(m) þegar mistök hafa verið gerð. Þau ber að rífa, kasta í ruslið og skrifa nýtt!


Republic of Iceland

Jónas Bjarnason
Áland 3
108 Reykjavík
Iceland

TF3JB

QSL [ ] pse [ ] tnx
TF-I.R.A. QSL Bureau
P.O. Box 1058
121 Reykjavík

ITU zone 17; CQ zone 40; Grid Sq. HP94bc; IOTA EU-021; E-mail: jonas.bjarnason.hag@gmail.com. Confirming QSO with station:

STATION	Day / month / year	GMT	MHz	RPRT	MODE
					Two way

73 de

Myndin er af QSL korti höfundar.

Almennt er til framdráttar að hafa hnit, IOTA númer og CQ svæði prentað á kortið. Og jafnvel ITU svæðið líka. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum á QRZ síðu með fjölda dollaraseðla (yfirleitt mest þrír) eða Alþjóðasvarmerki sem reyndar eru æ minna notuð með hverju árinu sem líður, nema kannski helst í Asíu. Þegar sent er „direct“ er mælt með að sleppa kallmerkjum, bæði DX stöðvar og manns eigin i utanáskrift á umslagi. Nota venjulegan flugpóst því ef keypt er hraðsending (*e. Exprés*) kallar það á óæskilega athygli og getur valdið DX stöð vandræðum.

Eindregið er mælt með að nota *ekki* frímerki heldur biðja um límmiða þeirra í stað. Slíkt eykur líkur á að sendingin komist á áfangastað. Og loks, að hafa utanáskrift greinilega og snyrtilega og nota bláa „Air Mail“ miðann í stað þess að handskrifa „Air Mail“.

Mynd af QSL kortum úr safni höfundar.

Sum þjóðlönd geta verið erfið.

Hér má telja til sum af fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Ennfremur sum lönd í Afríku, Mið-Austurlöndum og í Suður-Ameríku. Póstburðargjöld hafa t.d. margfaldast í verði í sumum löndum S-Ameríku og ekki óalgengt að það kosti allt að 5 dollara að póstleggja bréf til Evrópu. Síðan er það staðreynd að það borgar sig ekki að senda umslag í ábyrgðarpósti til S-Ameríku vegna þess að það beinlínis seinkar afhendingu.

Að lokum.

Þegar allt um þrýtur og ekki tekst að afla staðfestingar – af hvaða ástæðum sem það kann að vera, er þrautalendingin að „hlusta, hlusta, hlusta“ eftir annarri DX stöð frá viðkomandi landi og vona að betur takist til um að afla staðfestingar í það skiptið.

GL DX es 73 de TF3JB.

SYLRA 2022 í Finnlandi

Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD

Næsta SYLRA ráðstefna verður í Finnlandi 2022. SYLRA eru samtök skandínavískra radíóamatörkvenna sem stofnuð voru 1983 í Danmörku og halda ráðstefnu á tveggja ára fresti á Norðurlöndum.

Árið 2021 var komið að Finnlandi en vegna Covid var ráðstefnunni frestað um eitt ár.

Skandinavískar YL ásamt burðarmönnum munu því hittast í Turku í Finnlandi dagana 18. til 21. ágúst.

Turku var fyrsta höfuðborg landsins og er í dag 6. stærsta borgin. Hún stendur á suðausturströnd Finnlands á bökkun Aura árinnar sem klýfur hana í tvennt.

Í Turku voru fyrstu skólarnir í Finnlandi stofnaðir og einnig fyrstu háskólarnir. Turku er mjög gömul borg og ekki er vitað hvenær hún fékk borgarréttindi en 1229 minnist Gregor IX páfi á hana í skrifum sínum.

Borgin er mjög falleg og og skartar hún þó nokkru af gömlum húsum og kastölum.

Mikill bruni varð í borginni árið 1827 og eftir hann voru háskólinn og flestar aðrar stjórnarstofnir fluttar til Helsinki sem hafði verið skipuð höfuðborg árið 1812 af Alexander fyrsta Rússakeisara, sem þótti of langt til Turku frá St. Pétursborg og vildi fá höfuðborg Finnlands nær landamærunum.

Í dag eru elstu hús borgarinnar sýnileg sem safn sem sýnir einnig gamalt handverk og muni.

Skipulögð dagskrá SYLRA ráðstefnunnar í Turku hljóðar þannig:

- Komudagur til Turku er fimmtudaginn 18. ágúst þá fer fram skráning og afhending gagna.
- Föstudaginn 19. ágúst förum við í skoðunarferð til Aboa Vetus sem er fornleifasafn og veitingahús þar sem við borðum hádegisverð.

Aura áin í febrúar s.l. Myndin er tekin þegar undirbúningsnefndin fór til Turku til að skipuleggja viðburðinn.

- Eftir matinn hefst hefðbundinn SYLRAfundur sem endar á kvöldverði, sannkallaður vinafundur.
- Laugardaginn 20. ágúst er sigling til Naantali sem er falleg eyja úti fyrir Turku þar sem skemmtigarðurinn Múmmíndalurinn er, auk veitingastaða. Þar fáum við ráðrúm til að skoða okkur um og um kvöldið er hátíðarkvöldverður.
- Sunnudagur er kveðjudagur, sumir fara heim en aðrir munu fara í viðaukaferð í þrjá daga á eyjuna Katanpää sem er gamalt eyjarvirki. Þar er mjög góð höfn og mikil skipaumferð. Við munum starfrækja amatörradíó á meðan á dvölinni stendur.
  Eyjan er einnig þekkt fyrir fjölbreyttan gróður og er í sveitafélaginu Kustavi. Hún er hluti af vatnaþjóðgarði Finnlands og þekkt fyrir fjölbreytt úrval af afþreyingarmöguleikum fyrir alla aldurshópa.

Naantali eyja að haustlagi, en eyjan er rómuð fyrir náttúrufegurð og fjölbreytni í mannlífi.

Skráning hefst á næstu vikum, vefslóðin er www.sylra.is þar eru einnig upplýsingar um önnur mót og sögu SYLRA.

Ef einhverjar spurningar vakna og þig þyrstir í vitneskju um SYLRA og mótið eða annað sem viðkemur YL amatörum á Íslandi er alltaf hægt að hafa samband við okkur

Anna TF3VB es Vala TF3VD

HF sendimagnarar, lampar eða transistorar?

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A

Í grein TF3JB um „Kaup á HF magnara sumarið 2020“ (*CQ TF 3. tbl. 2020*, bls. 25-42) kom fram að 23 framleiðendur eru á markaði sem bjóða 63 gerðir HF magnara fyrir radíóamatöra. Hlutfall magnara með transistorútgang er 57% og með lampa, 43%. HF magnarar með lampa í útgang eru því stór hluti af markaðnum.

Báðar gerðir hafa kosti og galla. Lampamagnarinn er ólínulegur og merkið frá honum dofnar með aldrinum, en merkið er mjög hreint. Transistormagnarinn sendir meira af yfirsveiflum og þarf öflugri síur. Hann er hins vegar oftast línulegur og merkið er jafn sterkt út líftímann.

Vegna nýlegra umræðna á Facebook má benda á að ekki er ráðlegt að senda merki á stafrænni mótun (DVB eða FT8 samskiptahætti) á lampasendi á fullu afli. Transistorsendir ræður mun betur við að senda slík merki. Ef nota á lampasendi (þ.e. stöð og/eða RF magnara) á stafrænni mótun er nauðsynlegt að færa aflið niður þannig að lampinn/lamparnir vinni línulega.

Í ofangreindri grein er ágæt umfjöllun um IMD tölur og RF magnara. Þar segir m.a.: „Magnarar sem vinna t.d. á 13.8V eru yfirleitt með lakari IMD tölur heldur en aðrir sem vinna á hærri spennu og gefa betri gæði sendingar. Í raun háir það IMD frá útgangsstigi flestra stöðva sem nota transistora í útgang og vinna á



13.8V. Einstaka framleiðendur, s.s. Anan, Adat og SPE hafa ráðið bót á þessu með því að útbúa tækin með því sem þeir kalla „Pure Signal“ eða „pre-distortion“

Í sjálfu sér er málið þó ekki einfalt, því lampamagnarar þurfa hærra drifafl (*e. drive power*) og þá er stöðin með verra IMD (lakari gæði sendingar) þannig að það gæti komið út verr á endanum. Málið er, að sendi stöð ekki út „hreint“ merki, þá eru óæskilegir hlutar merkisins magnaðir upp til jafns við æskilega. Þess vegna er ákjósanlegt að IMD tölur fyrir stöð og RF magnara séu sem bestar; a.m.k. 30dB eða betri fyrir magnara“.

Minning úr félagsstarfinu.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W í ARRL DX keppninni á morsi 18.-19. febrúar 2012. Margir félagsmenn komu að uppsetningu loftneta til undirbúnings. Meðal þeirra var Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX sem hannaði aðlögun kóax fæðilínu við „L loftnet á hvolfi“ fyrir 160 metra bandið.

TF3DX horfir upp eftir 18 metra hárri glertrefjastönginni frá Spiderbeam. Vilhjámur hannaði og setti upp aðlögun við loftnetið á 160 metrum. Þessi vinna fór fram 17. febrúar 2012. Ljósmynd: TF3JB.

Viðurkenningar radíóamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

Landsfélag radíóamatöra í Japan, JRRL býður mörg eftirsóknarverð viðurkenningaskjöl. Eitt þeirra þekktasta er Worked All Japan Prefectures (WAJA). Þetta er með erfiðari viðurkenningum að ná fyrir okkur sem búum á Íslandi, sérstaklega á morsi og tali. Meginástæða er hnattstaða landsins. Tilkoma stafrænna mótunaraðferða, m.a. FT8 samskiptareglna (undir MFSK mótun) sem kom fram fyrir fimm árum (2017) hefur hins vegar auðveldað, þar sem hægt er að hafa samband allt að -26 dB undir suðmörk. Í annan stað hafa japanskir radíóamatörar almennt verið töluvert virkir á FT8 (og FT4) undanfarin ár á meðan skilyrðin voru í lægð á HF böndunum. Þar sem nú eru liðin liðin tvö og hálft ár frá því ný sólblettasveifla hófst (lota 25) og skilyrðin eru þegar byrjuð að batna, þ.á.m. til Japan finnst undirrituðum ástæða til að vekja athygli á þessari áhugaverðu viðurkenningu.

WAJA kröfurnar eru að hafa a.m.k. eitt staðfest samband við hvert 47 stjórnsýslusvæðanna í Japan. A.m.k. tveir íslenskir radíóamatörar hafa náð þessari viðurkenningu. Annar þeirra sagðist hafa verið í nokkur ár að safna samböndum (á morsi og tali) áður en hann gat sent inn umsókn árið 2015.



Myndin af WAJA viðurkenningunni var fengin að láni frá AEØQ.

Öll staðfest sambönd eftir 29. júní 1952 eru gild. Eftirfarandi auðkenningar (*e. endorsements*) eru í boði og má sækja um mest þrjár:

- Öll sambönd á einu bandi.
- Öll sambönd á sömu tegund útgeislunar (mótun).
- Öll sambönd um gervitungl.
- Öll sambönd með QRP afli (mest 5W).
- Öll sambönd með QRP_p afli (mest 0.5W).



1 area (Kanto-District)
10 Tokyo
11 Kanagawa
12 Chiba
13 Saitama
14 Ibaraki
15 Tochigi
16 Gunma
17 Yamanashi

2 area (Tokai-District)
18 Shizuoka
19 Gifu
20 Aichi
21 Mie

3 area (Kansai-District)
22 Kyoto
23 Shiga
24 Nara
25 Osaka
26 Wakayama
27 Hyogo

4 area (Chugoku-District)
31 Okayama
32 Shimane
33 Yamaguchi
34 Tottori
35 Hiroshima

5 area (Shikoku-District)
36 Kagawa
37 Tokushima
38 Ehime
39 Kochi

6 area (Kyushu-District)
40 Fukuoka
41 Saga
42 Nagasaki
43 Kumamoto
44 Oita
45 Miyazaki
46 Kagoshima
47 Okinawa

7 area (Tohoku-District)
02 Aomori
03 Iwate
04 Akita
05 Yamagata
06 Miyagi
07 Fukushima

8 area (Hokkaido-District)
01 Hokkaido

9 area (Hokuriku-District)
28 Toyama
29 Fukui
30 Ishikawa

0 area (Shin'etsu-District)
08 Niigata
09 Nagano

—> Total number: 47 prefectures
—> Three Islands of JD1 belong to "10Tokyo"
—> Following prefixes are assigned in 1 Area; 7K1-7K4, 7L1-7L4, 7M1-7M4, 7N1-7N4.

JARL samþykkir því miður ekki staðfestingar á LoTW, en samþykkir eQSL kort ef hægt er að prenta þau út. Ekki þarf að senda QSL kort með umsókn, það nægir drengskaparheiti umsækjanda þegar hann skrifar undir umsókn. JARL áskilur sér hins vegar rétt til að kalla eftir upplýsingum um einstök sambönd. Kostnaður er ¥2000 (um 2.200 krónur) eða 16 alþjóðasvarmerki. Innifalið er sendingarkostnaður í flugpósti til Íslands.

Listi með 47 stjórnsýslusvæðunum í Japan:

https://zinglanguages.com/prefectures-of-japan/

Umsóknareyðublað fyrir WAJA:

http://www.arrl.org/files/file/JARL%20Awards/JARL%20Award%20application-form.pdf

Með ósk um gott gengi!
73 de TF5B.

Íslenskir radíóamatörar; starfstímabilið 2021/22

Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 18. janúar 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerð 6. fundar frá 17. nóvember lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
   - **18.11.2021...***Erindi til: Þakkir stjórnar ÍRA sendar til USKA fyrir sendingu á félagsblaði þeirra, HBradio.*
   - **18.11.2021...***Erindi frá: IARU R1. ECC ERC Recommendation 74-01; ábending um skjal til umsagnar.*
   - **23.11.2021...***Erindi frá: IARU R1. Stöðuskýrsla um skipan vinnuhópa; „Shaping the Future of Amateur Radio".*
   - **23.11.2021...***Erindi frá: Benedikt Sveinssyni, TF3T með ósk um endurinngöngu í félagið.*
   - **23.11.2021...***Erindi til: Benedikts, TF3T með upplýsingum vegna endurinngöngu í félagið.*
   - **29.11.2021...***Erindi frá: Benedikt Sveinssyni TF3T um internet tengingu Vodafone í Skeljanesi.*
   - **30.11.2021...***Erindi til: Benedikts TF3T með upplýsingum um internet tengingu í Skeljanesi.*
   - **07.12.2021...***Erindi til: Fjarskiptastofu. Ósk ÍRA um endurnýjun heimildar á 1850-1900 kHz vegna þátt. í alþjóðl. keppnum 2022.*
   - **09.12.2021...***Erindi frá: Fjarskiptastofu. Jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) við ofangreindri ósk félagsins.*
   - **07.12.2021...***Erindi til: Fjarskiptastofu. Þakkir fyrir afgreiðslu á endurnýjun heimildar á 160 metrum.*
   - **10.12.2021...***Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpa á 1297 MHz.*
   - **12.22.2021...***Erindi frá: Fjarskiptastofu. Bráðabirgðasvar við umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpa á 1297 MHz.*
   - **25.12.2021...***Erindi frá: Luca Clary, IW7EEQ, Ambassador for Europe & Italy for the MFJ Enterprises Inc.*
   - **31.12.2021...***Erindi frá: Áramótakveðjur frá IARU R1.*
   - **10.01.2021...***Erindi frá: Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG. Ábending um fyrirkomulag amatörprófa í Þýskalandi.*
   - **Yfirlitsblað...**Vegna sendra orðsendinga til stjórnar á milli stjórnarfunda 6. og 7.
   - **Nóvember:** *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 18., 20., 22., 24., 25., 26., 27., 29., 30. (fyrri) og 30.11. (síðari).
   - **Desember:** *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 2., 3., 5., 8., 10., 11., 15., 17., 22., 26. og 30.12.
   - **Janúar (2022):** *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 4., 6., 11., 12., 13. og 18.1.
5. Undirbúningur ársreiknings félagssjóðs 2021; skýrsla gjaldkera.
6. Undirbúningur aðalfundar laugardaginn 19. febrúar 2022.

a. Ákvörðun um fundarstað.
b. Fundarboð aðalfundar, sbr. 17. gr. félagslaga.
c. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.

7. Undirbúningur námskeiðs til amatörprófs í febrúar-maí.
8. Útgáfumál.

a. CQ TF, 1. tbl. 2022 kemur út 28. janúar.
b. Nýtt kynningarefni um amatör radíó og félagið kom út og var kynnt á heimasíðu 2. janúar.
c. Ávarpsefni til nýrra félaga, 3. útgáfa, kom út 3. janúar.

9. Ársskýrsla ÍRA 2021/22.
10. Önnur mál.

a. ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá ORG ehf. (17. nóvember).
b. Áttræðisafmæli Odds Helgasonar framkvæmdastjóra ORG ehf. (29. nóvember).
c. Nýjung á heimasíðu ÍRA (1. desember).
d. Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum fyrir árið 2022 (1. desember).
e. Tenging ljósnets í Skeljanesi (9. desember).
f. ÍRA færð afmælisgjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá SRAL (16. desember).
g. TF2EQ virkjaði TF3YOTA í YOTA mánuði og tók þátt í „YOTA|Round 3" keppninni 30. desember.
h. Björgun loftnetsvirkis TF3IRA (13.-16. janúar).
i. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2021/22; þakkarávarp formanns.

11. Fundarslit.

1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 6. fundar frá 17. nóvember lögð fram.

Samþykkt samhljóða

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

5. Undirbúningur ársreiknings félagssjóðs 2021; skýrsla gjaldkera.
Greidd félagsgjöld fyrir starfsárið 2021 voru 162 en 11 voru feld niður um áramót. Staða félagsjóðs er 1.699.435. kr. Gjaldkeri vinnur að ársreikningi sem í framhaldi verður kynntur skoðunarmönnum reikninga til undirritunar.

6. Undirbúningur aðalfundar 19. febrúar 2022.
Stefnt er að því að halda aðalfund 2022 laugardaginn 19. febrúar kl. 13:00.

a. Ákvörðun um fundarstað.
- Til skoðunar er að halda fundinn í safnaðarheimili Neskirkju líkt og í fyrra (2021). Hugsanlega þó í öðrum fundarsal í safnaðarheimilinu. Samþykkt að fela formanni og varaformanni að ganga frá leigu á fundarsal. Gangi það ekki eftir (ef allt er upptekið) er þeim falið að leita samninga annars staðar.

b. Fundarboð aðalfundar, sbr. 17. gr. félagslaga.
- Fundarboð verður sent til félagsmanna í tölvupósti 28. janúar n.k. Það er ennfremur útgáfudagur 1. tbl. CQ TF en þar verður einnig birt tilkynning um fundinn. Fundarboð verður póstlagt sama dag til þeirra félaga sem ekki hafa tölvupóstfang.

c. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
- Dagskrá aðalfundar er bundin í félagslögum. Samþykkt undir dagskrárliðnum að haft verði til hliðsjónar að ræða við sömu félagsmenn og síðast hvað varðar tilnefningar í embætti fundarstjóra og fundarritara.

d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.
- Engar tilögur um lagabreytingar bárust til félagsins innan tilskilins frests samkvæmt 19. gr. félagslaga, hvorki á tölvupóstfang né í pósthóf félagsins.

7. Undirbúningur námskeiðs til amatörprófs í febrúar-maí.
Stjórn félagsins hafði forgang um pöntun á námsefni frá SSA, EDR og NRRL. Efnið er allt komið í hendur prófnefndar til skoðunar. Félaginu hefur jafnfram borist ábending um námsefni og fyrirkomulag prófa í Þýskalandi frá Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG. Stefnt er að því að halda námskið til amatörprófs á vormánuðum, hvorutveggja í stað- og fjarnámi í húsnæði HR. Fyrirvari er gerður vegna stöðu Covid-19 faraldursins hvað varðar endanlegar dagsetningar.

8. Útgáfumál.

a. CQ TF, 1. tbl. 2022 kemur út 28. janúar.
Mikið hefur borist af góðu efni í blaðið. Það er á áætlun 28. janúar og kemur út á heimasíðu félagsins á PDF-formi.

b. Nýtt kynningarefni um amatör radíó og félagið kom út og var kynnt á heimasíðu 2. janúar.
Efnið var kynnt 2. janúar á heimasíðu og FB síðum. Um er að ræða fjórblöðung sem verður settur á heimasíðu og prentaður í takmörkuðu magni í lit. Umbrot var í höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Hugmyndin er að dreifa efninu til kynningar á aðalfundi 2022.

c. Ávarpsefni til nýrra félaga, 3. útgáfa, kom út 3. janúar.
Uppfært ávarpsefni til nýrra félaga kom út í 3. útgáfu þann 3. janúar. Um er að ræða fjórblöðung líkt og nýja kynningarefnið. Það verður sett á heimasíðu og prentað í takmörkuðu magni í lit. Umbrot var í höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Hugmyndin er að dreifa efninu til kynningar á aðalfundi 2022.

9. Ársskýrsla ÍRA 2021/22.
Formaður, TF3JB lagð fram á fundinum til kynningar, vinnuhandrit að nýju ársskýrslunni (handrit dagsett 17.1.2022), en hún verður formlega lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 19. febrúar n.k. Skýrslan verður síðan til niðurhals á heimsíðu félagsins eftir fundinn. Ársskýrslan er alls 188 blaðsíður að stærð að þessu sinni.

10. Önnur mál.

a. ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá ORG ehf. (17. nóvember).
Stjórn ÍRA þakkar kærlega fyrir gjöfina.

b. Áttræðisafmæli Odds Helgasonar framkvæmdastjóra ORG ehf. (29. nóvember).
Varaformaður, TF3DC var fulltrúi félagsins í afmælinu sem haldið var í salnum í Skeljanesi. Keyptur var konfektkassi og færði Óskar honum hann á staðnum. Afmælisbarnið þakkaði fyrir sig og þakkaði félaginu og félagsmönnum kærlega fyrir góða samvinnu í Skeljanesi.

c. Nýjung á heimasíðu ÍRA (1. desember).
Opnunarsíða heimasíðu ÍRA var uppfærð í desember. Í dálknum hægra megin er ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin fimm hér á landi sem eru í boði yfir netið, þ.e. Bláfjöll, Bjargtanga, Raufarhöfn, Vík í Mýrdal og Perluna. Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur félagsins og þar fyrir neðan er slóð á undirsíðu CQ TF með öllum félagsblöðunum frá árinu 1964. Formaður gat þess að mikil ánægja væri með uppfærsluna.

d. Endurnýjun Fjarskiptastofu á sérheimild til notkunar á 1850-1900 kHz tíðnisviði vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á árinu 2022 (7. desember).
Sérheimildin var endurnýjuð af Fjarskiptastofu fyrir árið 2022 þann 7. desember samkvæmt beiðni ÍRA.

e. Tenging ljósnets í Skeljanesi (9. desember).
Uppfærsla var gerð á nettengingu félagsins í ljósnet í fjarskiptaherbergi félagsins í Skeljanesi 9. desember. Benedikt Sveinsson, TF3T annaðist verkefnið en hann er starfsmaður Vodafone. Nethraði er mun betri eftir breytinguna. Benedikt rifjaði upp samning við Vodafone um fyrri tenginguna árið 2016 (við þáverandi stjórn). En samkvæmt því ber félaginu að láta koma fram á heimasíðu og í CQ TF upplýsingar þess efnis að Vodafone styrki félagið. Hugmyndin er að birta einskonar „styrktarborða“ á heimasíðu og í blaðinu. Útfærsla verður unnin í samvinnu við Benedikt.

f. ÍRA færð afmælisgjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá SRAL (16. desember).
Stjórn þakkar fyrir gjöfina sem þegar hefur verið tekin í notkun í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

g. TF2EQ virkjaði TF3YOTA í YOTA mánuði og tók þátt í „YOTA“ keppninni 30. desember.
Kallmerkið TF3YOTA var virkjað 26., 29., 30 og 31. desember. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi á hádegi sunnu-

daginn 26. desember. Hún var m.a. virk í YOTA keppninni 30. desember og á gamlársdag. Síðasta daginn (31. desember) var hún QRV um QO-100 gervitunglið frá Skeljanesi.

h. Björgun loftnetsvirkis TF3IRA (13.-16. janúar).

12. janúar. Um kl. 14 miðvikudaginn 12. janúar uppgötvaðist, að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi OptiBeam Yagi loftneti TF3IRA hafði brotnað frá festingunni, en mjög hvasst hafði verið í Skeljanesi dagana á undan. Vegna þessa hallaði turninn sjáanlega. Benedikt Sveinsson, TF3T (sem býr í nágrenninu) var snöggur á staðinn með bönd og strekkjara og upp úr kl. 15 var vinnu lokið við að treysta turninn eins vel og hægt var.

13. janúar. Vaskur hópur félagsmanna mætti í Skeljanes í birtingu daginn eftir (fimmtudag) til að treysta loftnetsvirkið. Georg Kulp, TF3GZ kom og rauf op í bárujárnsvegginn (sjávarmegin) á lóðinni til að opna aðgang að turnfestingunni. Sigurður Harðarson, TF3WS tók við og festi öflugan handstrekkjara til að rétta turninn af og var tóg bundið í dráttarkúluna á jeppabifreið hans til öryggis. Síðan festi Sigurður flatjárn við turnfótinn (þar sem festingin hafði brotnað). Bráðabirgðaviðgerð var lokið fyrir myrkur.

16. janúar. Mæting var var í Skeljanes upp úr birtingu laugardaginn 16. janúar. Verkefni dagsins var að ljúka við að treysta loftnetsvirki TF3IRA. Það gekk eftir og var aðgerðum lokið um kl. 13. Turn, loftnet og rótor eiga því að standast íslenskt vetrarveður á ný. Sigurður Harðarson, TF3WS og Georg Kulp, TF3GZ kláruðu verkið í sameiningu. Sigurður hafði hannað og smíðað öflugan ramma sem boraður var á skorsteininn og náði utan um turninn. Þeir Georg Kulp, TF3GZ hjálpuðust síðan að við að setja upp og stilla búnaðinn. Sigurður hafði einnig smíðað nýjan og öflugri „hjálparfót“ í stað þess sem hafði verið settur upp til bráðabirgða tveimur dögum fyrr.

Bókaðar voru sérstakar þakkir til þeirra Sigurðar Harðarsonar, TF3WS, Georg Kulp, TF3GZ og Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir aðkomu að verkefninu. Ennfremur þakkir til Henrys A. Hálfdánarsonar, TF3HRY og Þórðar Adolfssonar, TF3DT sem veittu ráðgjöf. Einnig þakkir til þeirra mörgu félagsmanna sem höfðu samband, ýmist til að fylgjast með framvinu verkefnisins eða bjóða fram aðstoð.

i. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2021/22; þakkarávarp formanns.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnamönnum fyrir frábært samstarf. Vel hafi heppnast að stýra félaginu í gegnum faraldurinn, nú annað árið í röð. Framlagt vinnuhandrit að ársskýrslu 2021/22 sýni svo ekki verði um villst, að gott starf hafi verið innt af hendi í þágu félagsmanna. Formaður sagðist að lokum vonast til að þeir stjórnarmenn sem eigi að hætta í embætti á aðalfundinum, gefi kost á sér áfram því vart sé hægt að hugsa sér betri menn til að vinna með í stjórn. Jónas sagðist hafa í hyggju að bjóða sig fram til endurkjörs í embætti formanns.

11. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:15

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

Loftnetsgreinir til útláns

ÍRA býður loftnetsgreini til útláns til félagsmanna. Tækið er MFJ-269 sem vinnur frá 1.8 MHz til 170 MHz og 415 MHz til 470 MHz. Því fylgir handbók (á ensku), millistykki til að breyta N-tengi í PL-259 ásamt snúru með BNC-tengi fyrir aðrar mælingar. Tækið er afhent með frískum rafhlöðum (ef nota á tækið utanhúss). Útlánstími er vika, þ.e. frá fimmtudegi til fimmtudags.

MFJ-269 er búið innbyggðum rafhlöðum til nota á vettvangi sem og í fjarskiptaherbergi en þar að auki má knýja það með 12V utanáliggjandi spenni. Innbyggt í tækið eru m.a. sveifluvaki með breytanlegri tíðni, tíðniteljari, tíðnimargfaldari og 12 bita A/D breyta. Þessu er stýrt með innbyggðum örgjörva sérhæfðum til mælinga og er skipt á milli forritshátta með þrýstirofum. Með tækinu má gera margvíslegar mælingar á loftnetum og RF sýndarviðnámi, þ.á.m. fjarlægð í skammhleyptri eða opinni fæðilínu, töp í kóax fæðilínum og til mælinga á standandi bylgjum. Tækið er hannað til greiningar á 50 loftnetum og fæðilínum, en mælir hvaða sýndarviðnámsgildi sem er á bilinu 5-600 .

Helstu DX keppnir 2022; mars-júní

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu mars til júní 2022. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, þ.m.t. vefslóð á heimasíðu hverrar keppni með keppnisreglum og frekari upplýsingum. Vefslóð:
https://www.contestcalendar.com/weeklycont.php

Dagsetning	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (TF)
		MARS 2022			
5.-6. mars	00:00-24:00	ARRL I'nal DX Contest, SSB	SSB	160-10M	RS + afl sendis
12. mars	00:00-23:59	YB DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
12.-13. mars	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
19.-20. mars	12:00-12:00	Russian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
19.-21. mars	02:00-01:59	BARTG HF RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnr. + GMT [1]
26.-27. mars	00:00-23:59	CQ WW WPX Contest; SSB	SSB	160-10M	RST + raðnúmer
		APRÍL 2022			
2.-3. apríl	15:00-14:59	SP DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
15.-16. apríl	21:00-21:00	Holyland DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
16.-17. apríl	07:00-06:59	YU DX Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
16.-17. apríl	09:00-23:00	CQMM DX Contest	CW	80-10M	RST + EU [2]
23.-24. apríl	12:00-12:00	SP DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
23.-24. apríl	13:00-12:59	Helvetia Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
		MAÍ 2022			
7.-8. maí	12:00-11:59	ARI International DX Contest	CW/SSB/RTTY	80-2M	RST + raðnúmer
14.-15. maí	12:00-11:59	Volta WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST+raðnr.+CQ svæði
14.-15. maí	12:00-11:59	CQ-M Iter'nal DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
21.-22. maí	12:00-12:00	His Maj. King of Spain Contest	CW	160-10M	RST + raðnúmer
28.-29. maí	00:00-23:59	CQ WPX Contest, CW	CW	160-10M	RST + raðnúmer
		JÚNÍ 2022			
4.-5. júní	12:00-12:00	SEANET Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
18.-19. júní	00:00-23:59	All Asian DX Contest, CW	CW	160-10M	RST + aldur
12.-13. júní	15:00-14:59	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
25.-26. júní	12:00-12:00	His Maj. King of Spain Contest	SSB	160-10M	RS + raðnúmer

[1] *Gefa þarf upp 4 tölustafi.*

[2] *Skammstöfun fyrir meginland. TF stöðvar nota EU.*

Friedrichshafen Ham Radio– Dayton Hamvention – Tokyo Hamfair 2022

Allar líkur benda til þess að þrjár stærstu sýningar í heimi fyrir radíóamatöra verði haldnar í ár þegar þetta er ritað 29. mars 2022: ***Dayton Hamvention*** 20.-22. maí; ***Friedrichshafen Ham Radio*** 24.-24. júní og ***Tokyo Ham Fair*** 1.-2. október.

DXCC skráning TF kallmerkja

TF kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 15.3.2022. [1] [2]
Röðun er samkvæmt fjölda staðfestra einninga; „DXCC Mixed“.
TF3Y hefur einn íslenskra leyfishafa virka skráningu á heiðurslista: DXCC HONOR ROLL, MIXED.
Handhafar 5 Banda DXCC: TF3DC (12, 17 og 30 m.); TF3JB (12, 17 og 30 m.); TF3Y (12, 17 og 30 m.); TF4M (12, 17, 30 og 160 m.). [3]
Handhafar DXCC Challenge: TF2LL, TF3DC, TF3JB, TF3VS, TF3Y, TF4M, TF5B, TF8GX.

	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll
1.	TF3Y	344	-	324	141	-	-	-	168	-	196	-	144	-	1405	344
2.	TF3DC	326	-	316	174	-	-	-	196	-	242	-	207	216	1766	-
3.	TF4M	318	238	305	108	240	134	185	162	251	148	167	134	139	1554	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	295	283	-	216	-	-	165	150	277	161	216	116	137	1302	-
6.	TF2LL	273	-	-	-	-	-	167	-	234	149	174	-	123	1051	-
7.	TF3JB	261	180	238	189	-	109	126	173	238	181	149	142	120	1363	-
8.	TF3SG	253	157	242	-	156	229	202	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3IRA	221	185	195	112	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF3VS	220	101	158	202	-	-	139	145	187	151	154	-	116	1036	-
11.	TF1DT	187	140	-	163	-	114	130	114	141	105	100	-	-	-	-
12.	TF3G	187	133	141	-	-	-	-	-	172	-	-	-	-	-	-
13.	TF1A	180	145	-	163	-	108	108	119	144	124	118	-	-	-	-
14.	TF3MH	152	-	-	147	-	-		104	113	102	103	-	-		
15.	TF3EK	116	-	-	114	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

16. TF3SV (SK); 349 einingar; Honor Roll Mixed; óvirk skráning.
17. TF3IM; 226 einingar; óvirk skráning.
18. TF2WLC; 106 einingar; óvirk skráning.
19. TF3AR (SK); óvirk skráning.
20. TF3EA (SK); a.m.k. 110 einingar m.v. 8.3.1949; óvirk skráning.
21. TF3SF (SK); óvirk skráning.
22. TF3ZM (SK); óvirk skráning.
23. TF5TP (SK); óvirk skráning.

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sæki um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.